

Nd. 367. Frumvarp til stjórnarskipunarlags [206. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Flm.: Geir Hallgrímsson, Steingrímur Hermannsson, Svavar Gestsson,
Magnús H. Magnússon.

1. gr.

31. gr. orðist svo:

Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til 4 ára í þessum kjördæmum:

1. Reykjavíkurbjördæmi.
Til þess telst Reykjavík.
2. Reykjaneskjördæmi.
Til þess teljast: Gullbringusýsla, Grindavíkurbjördæmi, Keflavíkurbjördæmi, Njarðvíkurbjördæmi, Kjósarsýsla, Garðabjördæmi, Hafnarbjördæmi, Kópavogsbjördæmi og Seltjarnneskjördæmi.
3. Vesturlandskjördæmi.
Til þess teljast: Borgarfjarðarsýsla, Akranesbjördæmi, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.
4. Vestfjarðakjördæmi.
Til þess teljast: Austur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Bolungarvíkurbjördæmi, Ísafjarðarbjördæmi, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.
5. Norðurlandskjördæmi vestra.
Til þess teljast: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrúksbjördæmi og Siglufjarðarbjördæmi.
6. Norðurlandskjördæmi eystra.
Til þess teljast: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarbjördæmi, Dalvíkurbjördæmi, Ólafsfjarðarbjördæmi, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurbjördæmi og Norður-Þingeyjarsýsla.
7. Austurlandskjördæmi.
Til þess teljast: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarbjördæmi, Suður-Múlasýsla, Eskifjarðarbjördæmi, Nesbjördæmi og Austur-Skaftafellssýsla.
8. Suðurlandskjördæmi.
Til þess teljast: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjabjördæmi, Rangárvallasýsla, Árnessýsla og Selfoss.

Þingsæti skiptast milli kjördæma á þennan hátt:

- a. 54 þingsæti skiptast þannig milli kjördæma:
- | | |
|---------------------|-------------|
| Reykjavíkurbjördæmi | 14 þingsæti |
| Reykjaneskjördæmi | 8 þingsæti |
| Vesturlandskjördæmi | 5 þingsæti |

- | | |
|----------------------------------|------------|
| Vestfjarðakjördæmi | 5 þingsæti |
| Norðurlandskjördæmi vestra | 5 þingsæti |
| Norðurlandskjördæmi eystra | 6 þingsæti |
| Austurlandskjördæmi | 5 þingsæti |
| Suðurlandskjördæmi | 6 þingsæti |
- b. Að minnsta kosti 8 þingsætum skal ráðstafa til kjördæma fyrir hverjar kosningar samkvæmt ákvæðum í kosningalögum.
- c. Heimilt er að ráðstafa einu þingsæti til kjördæmis að loknum hverjum kosningum samkvæmt ákvæðum í kosningalögum.

Við úthlutun þingsæta samkvæmt kosningaúrslitum skal gæta þess svo sem kostur er að hver þingflokkur fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Er þá heimilt að úthluta allt að fjórðungi þingsæta hvers kjördæmis, samkvæmt a- og b-lið 2. mgr. þessarar greinar, með hliðsjón af kosningaúrslitum á landinu öllu. Sama á við um úthlutun þingsætis samkvæmt c-lið sömu málsgreinar.

2. gr.

33. gr. orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram, hafa íslenskan ríkisborgararétt, hafa átt lögheimili hér á landi á fjórum síðustu árum fyrir kjördag og eru ekki sviptir lögræði.

Að öðru leyti eru settar reglur um alþingiskosningar í kosningalögum.

3. gr.

1. mgr. 34. gr. orðist svo:

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld stjórnarskipunarlög nr. 51/1959 og nr. 9/1968, um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 17. júní 1944.

Greinargerð.

Frá því er breyting var síðast gerð á kjördæmaskipan og kosningareglum árið 1959 hefur misvægi atkvæða eftir búsetu kjósenda aukist allmikið. Jafnframt hefur skort á að jöfnuður milli stjórnsmálaflokka hafi náðst. Þykir nú nauðsynlegt að gera breytingar sem bæta úr annmörkum þessum.

Fram hafa farið viðræður milli stjórnsmálaflokkanna um úrlausn þessara mála. Niðurstaða þeirra viðræðna er sú, að náðst hefur samkomulag um að flytja frumvarp þetta til stjórnarskipunarlaga. Frumvarpinu fylgja drög að frumvörpum til breytinga á lögum um kosningar til Alþingis og lögum um sveitarstjórnarkosningar.

Þegar núverandi kjördæmaskipan komst á haustið 1959 var mesta búsetumisvægi atkvæða 1:3,22 milli Norðurlandskjördæmis vestra og Reykjavíkurborgar. Með því er átt við að á bak við hvern þingmann úr Reykjavík hafi kjósendur verið 3,22 sinnum fleiri en á Norðurlandi vestra. Í kosningum 1979 var samsvarandi misvægi mest milli Vestfjarða- og Reykjaneskjördæmis og var það 1:4,11. Eitt meginmarkmið þessa frumvarps til stjórnarskipunarlaga er að draga verulega úr þessu misvægi enda þótt kosningarréttur manna eftir búsetu verði ekki jafnaður til fulls. Til að ná þessu markmiði er talið nauðsynlegt að þingmenn verði 63 í stað 60 nú.

Fyrst eftir breytinguna 1959 lét nærri að fullur jöfnuður væri milli þingflokka. Með jöfnuði milli þingflokka er átt við að allir flokkar hafi álíka marga kjósendur að meðaltali á bak við hvern þingmann. Við síðustu kosningar hefði þurft að fjölga uppþótarþingsætum allmikið (um 6) til þess að jöfnuður næðist milli flokka. Með þeim breytingum, sem hér eru ráðgerðar, er stefnt að sem fyllstum jöfnuði milli stjórnmálaflokka.

Drög að frumvarpi til breytinga á kosningalögum hafa að geyma ákvæði um ráðstöfun þingsæta til kjördæma. Jafnframt eru þar ný ákvæði um úthlutun þingsæta til að koma á jöfnuði milli stjórnmálaflokka, en horfið frá þeirri tilhögun sem nú er við úthlutun sérstakra uppþótaræta.

Jafnhliða fyrrgreindum breytingum á stjórnarskrá hefur orðið að samkomulagi milli stjórnmálaflokkanna að leggja til verulega rýmkuð kosningarréttar, m. a. með lækkuðum kosningaraldurs í 18 ár.

Í 1. gr. þessa frumvarps er lagt til að breyta 31. gr. stjórnarskrárinnar. Helstu breytingar eru þær, að þingsæti verði 63 í stað 60, og fellt er niður svokallað kjördæmakjör og landskjör. Kjördæmin eu jafnmörg og óbreytt frá því sem verið hefur. Gert er ráð fyrir að bundin verði í stjórnarskrá lágmarkstala þingsæta í hverju kjördæmi en kosningalög kveði á um skiptingu þingsæta milli kjördæma að öðru leyti.

Með ákvæðum síðustu málsgreinar 31. gr. er að því stefnt, að hver stjórnmálasamtök, sem þingmenn fá, skuli fá þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína á landinu öllu. Er heimilað að setja ákvæði í kosningalög þess efnis, að við úthlutun á allt að fjórðungi þingsæta hvers kjördæmis sé tekið tillit til kosningaúrslita á landinu öllu. Í drögum að frumvarpi til breytinga á kosningalögum er gert ráð fyrir að 62 þingsætum sé ráðstafað til kjördæma fyrir kosningar en 1 þingsæti eftir kosningar samkvæmt úrslitum þeirra. Ekki skal telja þetta eina þingsæti þegar fyrrgreindur fjórðungur er reiknaður.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að breyta 33. gr. stjórnarskrárinnar. Aðalbreytingarnar eru tvær. Kosningaraldur er lækkaður úr 20 árum í 18 og er miðað við aldur á kjördegi eins og nú. Þessi breyting er í samræmi við það sem gert hefur verið í allmörgum nágrannalöndum. Lögræðisaldur hefur þegar verið lækkaður í 18 ár, sbr. lög nr. 26/1979. Verði þessi breyting samþykkt munu allir, sem eru 18 ára eða eldri, einnig vera kjörgengir við kosningar til Alþingis að öðrum skilyrðum fullnægðum, sbr. 34. gr. stjórnarskrárinnar. Hin aðalbreytingin er sú að óflekkað mannorð er fellt niður sem kosningarréttarskilyrði. Hins vegar er því haldið sem kjörgengisskilyrði, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Enn fremur er nú rýmkað um búsetuskilyrði kosningarréttarins og komið til móts við hagsmuni þeirra sem ráða sig til vinnu eða eru við nám erlendis. Samkvæmt breytingunum mega þeir kjósa ef þeir hafa átt hér lögheimili einhvern tíma á 4 síðustu árum fyrir kosningar.

Þingflokkar Alþýðubandalagsins, Alþýðuflokksins, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, sem að frumvarpi þessu standa, hafa auk þess orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. Að leggja fram með frumvarpi þessu, sem sérprentað fylgiskjal, „Skýrslu stjórnarskrárnefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar“ (Reykjavík, janúar 1983). Þetta er gert í því skyni að almennar umræður fari fram um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Ætti almenningi þá að gefast kostur á að tjá sig um þá endurskoðun þannig að afgreiðsla nýrrar stjórnarskrár geti orðið með vönduðum hætti að lokinni rækilegri umfjöllun.
2. Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. Meðal annars fái sveitarfélög meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukin, óháð búsetu þeirra. Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst.

Fylgiskjöl.

- I. Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis ásamt greinargerð og fylgiskjali.
- II. Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um sveitarstjórnarkosningar ásamt greinargerð.
- III. „Skýrsla stjórnarskrárnefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar“, Reykjavík, janúar 1983. (Sérprentuð).

Fylgiskjal I.

Drög að frumvarpi til laga

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, sbr. lög nr. 6/1966, nr. 48/1968, nr. 15/1974, nr. 37/1979, nr. 90/1981 og nr. 15/1082.

1. gr.

1. gr. (sbr. 1. gr. laga nr. 48/1968) orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir sem:

1. eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram,
2. eiga ríkisborgararétt hér á landi,
3. hafa átt lögheimili hér á landi á fjórum síðustu árum fyrir kjördag og
4. eru eigi sviptir lögræði.

2. gr.

2. og 3. gr. falli niður.

3. gr.

4. gr. verði 2. gr. og orðist svo:

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá sem kosningarrétt á samkvæmt 1. gr. og hefur óflekkað mannorð. Þeir dómendur, sem hafa ekki umboðsstörf á hendi, eru þó ekki kjörgengir.

4. gr.

3. gr. orðist svo:

Enginn telst hafa óflekkað mannorð, sem er sekur eftir dómi um verk, sem er svívirðilegt að almenningsálit, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér, nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri, er hann framdi brotið, og refsing sé 4 mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla sé dæmd.

5. gr.

5. gr. verði 4. gr. og orðist svo:

Kjósendur neyta kosningarréttar síns í sérstökum kjördæmum eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum er lög þessi setja. Landinu er skipt í kjördæmi sem hér segir:

1. Reykjavíkurbjördæmi.

Til þess telst Reykjavík.

2. Reykjaneskjördæmi.

Til þess teljast: Gullbringusýsla, Grindavíkurbjördæmi, Keflavíkurbjördæmi, Njarðvíkurkjördæmi, Kjósarsýsla, Garðabjördæmi, Hafnarfjarðarkjördæmi, Kópavogsbjördæmi og Seltjarnneskjördæmi.

3. Vesturlandskjördæmi.
Til þess teljast: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.
4. Vestfjarðakjördæmi.
Til þess teljast: Austur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.
5. Norðurlandskjördæmi vestra.
Til þess teljast: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.
6. Norðurlandskjördæmi eystra.
Til þess teljast: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Dalvíkurkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Pingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Pingeyjarsýsla.
7. Austurlandskjördæmi.
Til þess teljast: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Eskifjarðarkaupstaður, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.
8. Suðurlandskjördæmi.
Til þess teljast: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla, Árnessýsla og Selfoss.

6. gr.

Við bætist ný grein, 5. gr., er orðist svo:

Þingsæti eru 63 og skiptast milli kjördæma á þennan hátt:

- a. 54 þingsæti skiptast þannig milli kjördæma:

Reykjavíkurkjördæmi	14 þingsæti
Reykjaneskjördæmi	8 þingsæti
Vesturlandskjördæmi	5 þingsæti
Vestfjarðakjördæmi	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi vestra	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi eystra	6 þingsæti
Austurlandskjördæmi	5 þingsæti
Suðurlandskjördæmi	6 þingsæti
- b. 8 þingsætum skal ráðstafa fyrir hverjar kosningar með því að skipta þeim á milli kjördæma. Við þá skiptingu er lögð til grundvallar tala kjósenda á kjörskrá í hverju kjördæmi í næstu alþingiskosningum á undan.
Um skiptingu þingsætanna gilda þessar reglur:
 1. Í hverju kjördæmi skal deila tölu kjósenda á kjörskrá í næstu alþingiskosningum á undan með tölunum 11, 15, 19, 23 o. s. frv., eins oft og þörf krefur. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvert kjördæmi.
 2. Nú hefur kjördæmi hlotið, samkvæmt a-lið, fleiri þingsæti en 5, og skal þá fella niður hæstu útkomutölur kjördæmisins, eina fyrir hvert þingsæti umfram 5.
 3. Ráðstafa skal einu þingsæti í senn. Fyrsta sætið hlýtur það kjördæmi sem hæsta útkomutölu hefur. Sú tala er síðan felld niður. Annað þingsætið kemur í hlut þess kjördæmis sem nú hefur hæsta útkomutölu o. s. frv., uns öllum sætunum hefur verið ráðstafað.
 4. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar, þegar að þeim kemur samkvæmt 3. tölulið, og skal þá hluta um röð þeirra.
- c. Einu þingsæti er ráðstafað til kjördæmis samkvæmt ákvæðum 114. gr., 5. töluliðar.

Að loknum kosningum til Alþingis auglýsir dómismálaráðuneytið hvernig þingsæti samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar skiptast milli kjördæma í næstu kosningum. Með þingsætatölu kjördæmis er átt við samtölu þingsæta í kjördæminu samkvæmt a- og b-lið.

7. gr.

15. gr. (sbr. 2. gr. laga nr. 48/1968 og 1. gr. laga nr. 90/1981) breytist svo:

- a. Orðin „20 ára“ í 1. mgr., 2. tölulið verði: 18 ára.
- b. 3. töluliður orðist svo:
 3. Þeir, sem eiga ekki lögheimili hér á landi en eiga samt kosningarrétt samkvæmt 3. tölulið 1. gr., skulu færðir á kjörskrá þar sem þeir áttu síðast heimilisfesti samkvæmt þjóðskrá. Heimilt er þó að taka þá annars staðar á kjörskrá sé gild ástæða til.

8. gr.

26. gr. breytist svo:

Orðin „4 vikum og 3 dögum fyrir kjördag“ verði: 3 vikum og 3 dögum fyrir kjördag.

9. gr.

27. gr. breytist svo:

- a. 2. mgr. orðist svo:

Með landsframboði er í lögum þessum átt við framboðslista þá sem saman eiga þegar þingsætum er úthlutað samkvæmt 113. og 114. gr. Framboðslistarnir geta verið úr einu kjördæmi eða fleirum. Framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda hans um það, fyrir hvaða stjórn málasamtök listinn er boðinn fram. Allir listar hverra stjórn málasamtaka um sig teljast til sama landsframboðs. Ef fyrrgreinda yfirlýsingu vantar telst listi vera sérstakt landsframboð.
- b. 3. mgr. (sbr. 4. gr. laga nr. 48/1968) orðist svo:

Ef sá, sem ákveður framboðslista eða staðfestir hann endanlega, samkvæmt reglum stjórn málasamtaka, ber fram mótmæli gegn því, að listi sé í framboði fyrir þau samtök, skal úrskurða að slíkur framboðslisti teljist ekki til landsframboðs þeirra.

10. gr.

34. gr. orðist svo:

Þeir, sem að landsframboði standa, eiga rétt á að hafa tvo umboðsmenn viðstadda, er landskjörstjórn úrskurðar samkvæmt 42. gr. hverjum landsframboðum skuli telja þá framboðslista, sem fram hafa komið, svo og við öll störf landskjörstjórnar að úthlutun þingsæta.

Nú rís ágreiningur um hvort framboðslisti telst til þess landsframboðs sem meðmælendur hans óska, og skal þá landskjörstjórn gefa meðmælendum kost á að tilnefna sérstaka umboðsmenn til að gæta hagsmuna sinna þegar úr þeim ágreiningi er skorið.

11. gr.

2. mgr. 35. gr. orðist svo:

Landskjörstjórn bókar ákvarðanir sínar um landsframboð, um viðtöku kjörgagna, atkvæðasamtölur landsframboða, um úthlutun þingsæta o. s. frv. Yfirkjörstjórnir bóka um viðtöku framboða, afgreiðslu þeirra til landskjörstjórnar og viðtöku á ný, útsendingu og viðtöku kjörseðla og bréfa, hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar, undirkjörstjórnir um allt sem fyrir er mælt í lögum þessum eða skiptir máli um kosningaathöfnina.

12. gr.

40. gr. orðist svo:

Er yfirkjörstjórn hefur lagt úrskurð á framboðslista, merkir hún lista hinna eldri landsframboða sama bókstaf og þeir höfðu síðast og nýja framboðslista í beinu framhaldi eins og stafrófsröð býður. Þó er meðmælendum framboðslista heimilt að velja listanum bókstaf sem enginn þingflokkur notar, en slíkt val skulu þeir samstundis tilkynna landskjörstjórn. Ef ágreiningur rís um valið sker landskjörstjórn úr.

Landskjörstjórn skal sjá um að samræmi sé í merkingu framboðslista þannig að hvert landsframboð hafi sama listabókstaf í öllum kjördæmum. Sjá einnig 41. gr.

13. gr.

41. gr. orðist svo:

Nú hefur landsframboð fleiri lista en einn í sama kjördæmi, og skal þá merkja þá A, AA . . . , B, BB . . . , o. s. frv., eftir því sem við á.

14. gr.

42. gr. orðist svo:

Jafnskjött og yfirkjörstjórn hefur lokið merkingu framboðslista skal hún senda þá til landskjörstjórnar ásamt öllum gögnum sem þeim fylgdu, sbr. 27. gr. Landskjörstjórn tekur þá þegar til meðferðar og úrskurðar hverjum landsframboðum skuli telja þá framboðslista sem í kjöri verða við kosningarnar. Þá skal landskjörstjórn og gæta þess, að listar hvers landsframboðs séu merktir sama bókstaf í öllum kjördæmum, sbr. 40. og 41. gr. Umboðsmönnum landsframboða skal gefinn kostur á að vera viðstaddir þegar landskjörstjórn kemur saman í þessu skyni, sbr. 34. gr.

Þegar landskjörstjórn hefur afgreitt framboðslistana á þennan hátt skal hún þegar í stað gera almenningi kunna listana með auglýsingu í Lögbirtingablaði, útvarpi og blöðum. Í auglýsingu skal tilgreina bókstaf hvers lista, fyrir hvaða stjórn málasamtök hann er borinn fram og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í rétttri röð. Auglýsingu samkvæmt þessari málsgrein skal birta eigi síðar en einum sólarhring áður en atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefst, sbr. 64. gr.

Landskjörstjórn endursendir síðan yfirkjörstjórnnum listana ásamt greinargerð um afgreiðslu sína.

15. gr.

52. gr. orðist svo:

Þegar yfirkjörstjórn hefur fengið framboðslista kjördæmisins endursenda frá landskjörstjórn samkvæmt 42. gr., 3. mgr. skal hún láta fullgera kjörseðla þá sem notaðir verða á kjörfundi, ef kosning á að fara fram í kjördæminu. Við almennar kosningar svo og uppkosningar í sambandi við þær fellur kosning ekki niður þó að einungis einn listi sé í kjöri.

16. gr.

1. mgr. 55. gr. orðist svo:

Kjörseðlar skulu fullgerðir eigi síðar en 7 dögum fyrir kjördag og skal yfirkjörstjórnin eins fljótt og verða má afhenda til flutnings á næstu pósthönd sem ábyrgðarsendingu þá seðla, sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sé að senda hraðboða með þá, en undirkjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjösendur eru á kjörskrá í hennar kjördeild og minnst 10% fram yfir.

17. gr.

1. mgr. 64. gr. orðist svo:

Kosningu utan kjörfundar skal hefja svo fljótt sem kostur er eftir að framboðslistar hafa verið auglýstir samkvæmt 42. gr., 2. mgr., og eigi seinna en 2 vikum fyrir kjördag. Eftir þann tíma og til kjördags eiga kjósendur rétt á að greiða atkvæði utan kjörfundar. Fari kosning fram áður en framboðslistar eru auglýstir er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag sem fylgibréfið er dagsett.

18. gr.

3. mgr. 84. gr. orðist svo:

Ef kjósandi vill hafna frambjóðanda á þeim lista, sem hann kýs, stríkar hann yfir nafn hans.

19. gr.

2. mgr. 102. gr. orðist svo:

Sé kosningu frestað samkvæmt 120. gr. má talning atkvæða aldrei fara fram fyrir en kosningu er hvarvetna lokið.

20. gr.

109. gr. orðist svo:

Í kjördæmi skal telja öll atkvæði, sem hver listi hefur hlotið, og er þá fundin atkvæðatala hvers lista. Enn fremur skal yfirkjörstjórn telja atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans, sbr. 115. gr., 2. mgr.

Yfirkjörstjórnir skulu tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslur um atkvæðatölur, hver úr sínu kjördæmi. Í skýrslunum skal tilgreina hvernig atkvæði hafa fallið. Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórnnum í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 102. gr., skal yfirkjörstjórn eigi að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á þeim tíma, sem auglýstur hafði verið. Yfirkjörstjórn sendir þó ekki skýrslur sínar um atkvæðatölur til landskjörstjórnar samkvæmt 2. mgr. fyrir en talin hafa verið atkvæði úr sendingunni sem vantaði. En auglýsa skal umboðsmönnum lista, eftir því sem auðið er, hvenær sendingin verður opnuð, til þess að þeir eigi kost á að vera viðstaddir.

21. gr.

110.—117. gr. falli niður.

22. gr.

XIV. kafli fái heitið: Úthlutun þingsæta.

23. gr.

118. gr. verði 110. gr. og orðist svo:

Pegar landskjörstjórn hafa borist allar skýrslur um kosningaúrslit í kjördæmum eftir almennar alþingiskosningar (sbr. 109. gr.) skal hún koma saman til að úthluta þingsætum. Landskjörstjórn auglýsir með hæfilegum fyrirvara hvar og hvenær hún kemur saman í þessu skyni, svo að umboðsmönnum gefist kostur á að vera viðstaddir (sbr. 34. gr.).

24. gr.

119.—125. gr. falli niður en í stað þeirra komi eftirtaldar greinar nr. 111 til 117.

25. gr.

111. gr.

Í hverju kjördæmi skal reikna atkvæðahlutfall hvers lista með því að deila atkvæðatölu hans með tölu gildra atkvæða í kjördæminu.

Þá skal finna þingsætahlut hvers lista í hverju kjördæmi. Það er gert með því að margfalda þingsætistölu kjördæmisins, sbr. 5. gr., 2. mgr., með atkvæðahlutfalli listans.

Nú er einungis einn listi í kjöri, og verður þá þingsætahlutur hans jafn þingsætistölu kjördæmisins. Gildir einu hve mörg atkvæði listanum hafa verið greidd eða hvort nokkur hefur greitt honum atkvæði.

26. gr.

112. gr.

Þingsætum hvers kjördæmis, samkvæmt 5. gr., 1. mgr., a- og b-lið, skal í fyrstu úthluta sem hér segir:

1. Fyrst skal úthluta þingsæti þeim lista sem á stærstan þingsætahlut. Þann þingsætahlut skal síðan lækka um 1 og telst afgangurinn þá vera þingsætahlutur listans. Næst hlýtur sá listi þingsæti sem nú hefur stærstan þingsætahlut o. s. frv.
2. Úthluta skal samkvæmt ákvæðum þessarar greinar svo mörgum þingsætum að nemi $\frac{3}{4}$ af þingsætistölu kjördæmisins. Ef þá stendur á broti skal velja næstu heilu tölu fyrir ofan.
3. Nú nær listi ekki nema 7% gildra atkvæða í kjördæmi sínu, og á hann þá ekki tilkall til þingsætis samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Þetta nær þó ekki til lista er falla kunna undir ákvæði 3. mgr. 111. gr.
4. Nú er þingsætahlutur lista minni en 0,8, og skal þá ekki úthluta þeim lista fleiri þingsætum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar nema hann teljist til landsframboðs sem hlotið hefur a. m. k. 5% gildra atkvæða á landinu öllu.
5. Nú eru tveir eða fleiri þingsætahlutir jafnstórir þegar að þeim kemur samkvæmt 1. tölulið, og skal þá hluta um röð þeirra.
6. Nú eru ófá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun til hans samkvæmt 1. tölulið, og skal þá ganga fram hjá þeim lista.

27. gr.

113. gr.

Þeim þingsætum samkvæmt 5. gr., 1. mgr., a- og b-lið, sem hefur ekki enn verið úthlutað, svo og þingsæti samkvæmt c-lið sömu málsgreinar, skal úthluta eftir ákvæðum þessarar greinar og 114. gr. Við þá úthlutun koma til álitu þau landsframboð ein sem hlotið hafa a. m. k. 5% gildra atkvæða á landinu öllu.

Til þess að finna hvernig skipta ber umræddum þingsætum milli landsframboða skal fara þannig að:

1. Heildartölu þeirra atkvæða, sem greidd hafa verið hverju landsframboði, skal deila með tölunum 1, 2, 3, 4 o. s. frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvert framboð.
2. Fella skal niður hæstu útkomutölur hvers framboðs, jafnmargar og nemur heildartölu þeirra þingsæta sem það hefur þegar hlotið samkvæmt ákvæðum 112. gr.
3. Þá skal úthluta þingsætum til landsframboða, einu í senn. Fyrst fer sæti til þess landsframboðs sem hæsta útkomutölu hefur. Þá tölu skal síðan fella niður. Næst fer þingsæti til þess landsframboðs sem nú hefur hæsta útkomutölu o. s. frv., uns öllum þingsætum hefur verið úthlutað.
4. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur samkvæmt 3. tölulið, og skal þá hluta um röð þeirra.

28. gr.

114. gr.

Þeim þingsætum, sem þegar hefur verið skipt á milli landsframboða samkvæmt 113. gr., skal úthluta í fjórum áföngum þannig:

1. Við úthlutun hvers þingsætis koma einungis til álita listar þeirra landsframboða sem hafa ekki enn hlotið rétta þingsætatölu samkvæmt 113. gr. Þá skal einungis úthluta þingsæti til kjördæmis sem hefur ekki þegar hlotið fulla þingsætatölu, sbr. 5. gr., 2. mgr. Frá þessu er þó vikið í fjórða áfanga, sbr. 5. tölulið þessarar greinar. Að lokinni úthlutun hvers þingsætis skal lækka þingsætahlut þess lista sem sætið hlaut, sbr. 112. gr., 1. tölulið.
2. Í fyrsta áfanga koma einungis til álita þeir listar sem hafa a. m. k. 0,8 í þingsætahlut. Úthlutun í þeim áfanga fer þannig fram að fundinn er stærsti þingsætahlutur þeirra kjördæma og landsframboða sem rétt eiga á frekari úthlutun, og fer þingsæti fyrst til þess lista sem þann hlut á. Næst fer sæti til þess lista sem nú á stærstan þingsætahlut o. s. frv. Gæta skal ákvæða í 1. tölulið.
3. Í öðrum áfanga koma einungis til álita listar sem hlotið hafa a. m. k. 7% gildra atkvæða í kjördæmi sínu. Ráðstafa skal einu þingsæti til hvers þeirra kjördæma sem hafa ekki þá þegar hlotið fulla þingsætatölu, sbr. 5. gr., 2. mgr. Byrja skal í því kjördæmi þar sem fæstir kjósendur eru á kjörskrá. Þar skal finna stærsta þingsætahlut þeirra landsframboða sem til álita koma, sbr. 1. tölulið, og fer þingsæti fyrst til þess lista sem þann hlut á. Næst skal úthluta sæti í því kjördæmi sem hefur næstfæsta kjósendur, enda hafi kjördæmið ekki enn hlotið fulla þingsætatölu o. s. frv. Að öðru leyti skal fara að samkvæmt ákvæðum í 1. tölulið.
4. Úthlutun í þriðja áfanga fer fram eftir sömu ákvæðum og gilda um fyrsta áfanga, sbr. 2. tölulið. Þó er úthlutun ekki háð því skilyrði að þingsætahlutur lista sé 0,8 hið minnsta.
5. Í fjórða áfanga er úthlutað þingsæti samkvæmt 5. gr., 1. mgr., c-lið. Kemur það í hlut þess landsframboðs sem nú skortir þingsæti að lokinni skiptingu sæta samkvæmt 113. gr. Umræddu þingsæti skal úthluta til þess lista framboðsins sem stærstan hefur þingsætahlut. Telst þingsætið til þess kjördæmis sem þann hlut á. Gildir einu í hvaða kjördæmi það er.
6. Nú eru tveir eða fleiri þingsætahlutir jafnstórir þegar þeir eru bornir saman samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og skal þá hluta um röð þeirra.
7. Nú eru of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun til hans samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og skal þá ganga fram hjá þeim lista.

29. gr.

115. gr.

Til þess að finna hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista í kjördæmi skal reikna frambjóðendum atkvæðatölu á þennan hátt:

Yfirkjörstjórn tekur saman þá kjörseðla þar sem engin breyting hefur verið gerð á listanum. Þar telst efsta nafn listans vera í fyrsta sæti, næsta nafn í öðru sæti o. s. frv. Næst tekur yfirkjörstjórn alla þá kjörseðla, þar sem kjósendur hafa gert einhverjar breytingar á röð frambjóðenda, og telur atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans.

Landskjörstjórn skal raða nöfnum frambjóðenda á hverjum lista þannig að sá, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. sæti, samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, hlýtur það sæti. Sá frambjóðandi, að þessum slepptum, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. og 2. sæti samanlagt, hlýtur 2. sætið o. s. frv., uns raðað hefur verið í sæti svo mörgum frambjóðendum listans að ljóst sé hverjir teljast þingmenn hans í kjördæminu og hverjir varaþingmenn.

Framboðslisti í kjördæmi, sem hlotið hefur þingmann eða þingmenn kjörna, hefur rétt til jafnmargra varaþingmanna meðan nöfn endast á listanum.

30. gr.

116. gr.

Þegar landskjörstjórn hefur úthlutað þingsætum samkvæmt 112., 114 og 115. gr. skal hún tafarlaust fá hinum kjörnu þingmönnum og jafnmörgum varaþingmönnum kjörbréf, samið samkvæmt fyrirmynd er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um, og senda ráðuneytinu tilkynningu um úrslit kosninganna. Birta skal nöfn hinna kjörnu þingmanna í B-deild Stjórnartíðinda.

31. gr.

117. gr.

Landskjörstjórn sendir Hagstofunni skýrslu um atkvæðatölur og úthlutun þingsæta, ritaða á eyðublað er Hagstofan lætur í té.

32. gr.

126. gr. verði 118. gr. og breytist svo:

- a. Í stað orðanna „umboðsmanna stjórn málaflökks“ komi: umboðsmanna stjórn málasamtaka.
- b. Í stað orðsins „uppbótarþingsæta“ komi: þingsæta.

33. gr.

127. gr. verði 119. gr. og orðist svo:

Nú hefur Alþingi úrskurðað — eftir almennar alþingiskosningar — að kosning einhvers lista sé ógild og uppkosning hefur farið fram (sbr. 128. og 129. gr.), og skal þá landskjörstjórn endurúthluta þingsætum í kjördæmi þar sem uppkosning hefur farið fram samkvæmt ákvæðum 112. gr. og endurúthluta þingsætum samkvæmt ákvæðum 113. gr. og 114. gr. Fyrri úthlutun fellur þá úr gildi.

34. gr.

128. gr. verði 120. gr.

35. gr.

129. gr. verði 121. gr. og breytist svo:

Í stað orðanna „sbr. 136. og 137. gr.“ komi: sbr. 121. og 122. gr.

36. gr.

130.—137. gr. verði 122.—129. gr.

37. gr.

138. gr. verði 130. gr. og orðist svo:

Varamenn þingmanna í kjördæmi taka þingsæti eftir reglum þeim er greinir í 115. gr., þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða forfallast, og án tillits til þess hver þingmaður listans það er. Segi varamaður af sér, missi kjörgengi eða falli frá, tekur sá varamannssæti sem næstur er í röðinni (sbr. ákvæði 115. gr.) og ekki var áður varamaður.

Ef þingmaður deyr, segir af sér þingmennsku eða missir kjörgengi, tekur varamaður sæti sem þingmaður út kjörtímabilið.

Ef þingmaður forfallast sökum veikinda eða annars á hann rétt á að láta varamann taka sæti sitt á meðan, en tilkynna skal hann forseta þeirrar deildar, er hann á sæti í, eða forseta sameinaðs Alþingis, ef Alþingi hefur ekki skipt sér í deildir, í hverju forföllin eru fólgin og hversu lengi þau muni vara. Ef varamaður tekur þingsæti í forföllum þingmanns skal hann ekki sitja skemur en 2 vikur, nema Alþingi hafi verið rofið eða því slitið eða frestað áður.

Í nefndum innan Alþingis skal varamaður taka sæti þess þingmanns sem hann leysir af hólmi.

38. gr.

139.—140. gr. verði 131.—132. gr.

39. gr.

141. gr. verði 133. gr. og breytist 12. töluliður greinarinnar svo:
Í stað orðanna „133. gr. 6. tölulið“ komi: 125. gr., 6. tölulið.

40. gr.

142.—145. gr. verði 134.—137. gr.

41. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 45/1961.

Greinargerð.

Inngangur.

Með frv. til stjórnarskipunarlaganna um breytingu á þeim ákvæðum stjórnarskrár, sem fjalla um kosningar til Alþingis, svo og frv. til breytinga á kosningalögum er stefnt að verulegri jöfnun atkvæðavægis eftir búsetu. Verður misvægi eftir búsetu heldur minna en það var fyrst eftir breytingarnar á kosningareglunum 1959. Jafnframt er það markmið með frumvörpunum að tryggja sem fyllst samræmi milli þingfylgis og atkvæðastyrks þingflokka. Er þá ekki einungis haft í huga samræmi miðað við heildarskiptingu atkvæða heldur er einnig leitast við að ná samræmi innan kjördæma. Þá er það tilgangur breytinganna á kosningalögum, að kjósendur geti haft meiri áhrif á röð frambjóðenda á framboðslistum en nú er. Enn fremur er lagt til að aldursmark kosningarréttar lækki úr 20 árum í 18 ár.

Meginþættir breytingartillagnanna eru þessir:

1. Þingsæti verði 63 í stað 60 eins og nú er, en skipting landsins í kjördæmi verði óbreytt. Skipting þingsæta á kjördæmi verði endurskoðuð fyrir hverjar kosningar með hliðsjón af breytingum á tölu kjósenda. Þó verði lágmarkstala úr hverju kjördæmi bundin í stjórnarskrá. Samkvæmt núgildandi stjórnarskrárákvæðum er tala þingsæta bundin og er frá 5 til 12 í hverju kjördæmi. Auk þess er 11 uppbótarsætum úthlutað til jöfnunar milli þingflokka. Af tölu þingflokka og atkvæðastyrk ræðst hve mörg þessara sæta koma í hlut hvers kjördæmis. Í reynd hafa 0—4 uppbótarsæti komið í hlut einstakra kjördæma. Samkvæmt hinni nýju tilhögun hefur jöfnunin ekki áhrif á tölu þingsæta hvers kjördæmis. Einu þingsæti er þó eigi ráðstafað til kjördæmis fyrir fram heldur ræðst af kosningaúrslitum hvaða kjördæmi hlýtur sætið.
2. Aðferð við úthlutun þingsæta á grundvelli kosningaúrslita er breytt verulega. Samkvæmt núgildandi lögum er sætum þeim, sem mörkuð eru kjördæmum, úthlutað með svonefndri „reglu hæsta meðaltals“, sem einnig er kennd við d'Hondt. Þykir örðugt að ná fullum jöfnuði milli lista þegar henni er beitt við úthlutun jafnfárra sæta og hér um ræðir, þ. e. 5. Ráðstöfun uppbótarsæta hefur dregið nokkuð úr þessu misræmi en á fremur tilviljunarkenndan hátt. Lagt er til í frv. að sætum sé í meginráttum úthlutað með aðferð sem í grannlöndum okkar er nefnd „regla stærstu brota“, en er hér til styttingar nefnd „meðaltalsaðferð“.
3. Tekin er upp ný jöfnunaraðferð til að stuðla að samræmi milli atkvæðatölu þingflokka og þingstyrks. Eins og áður segir eru nú 11 þingsæti, uppbótarsætin, notuð í þessu skyni. Að lokinni úthlutun 49 kjördæmasæta er uppbótarsætunum 11 skipt milli þingflokka á grundvelli heildarfylgis á landinu öllu. Fer sú skipting fram eftir reglu d'Hondts. Í þeim kosningum, sem farið hafa fram á gildistíma núverandi ákvæða, hefur þó skort allnokkuð á jöfnuð milli flokka. Hefði þurft 2—6 uppbótarsæti til viðbótar til þess að fullur jöfnuður næðist. Þá er það annmarki á núverandi fyrirkomulagi, að úthlutun

uppbótarsætanna er ekki í beinum tengslum við úthlutun sæta í kjördæmum. Getur því uppbótarsæti lent hjá framboðslista án verulegra tengsla við atkvæðafylgi hans í kjördæmi, enda eru uppbótarþingmenn ekki bundnir við kjördæmi sín heldur nefndir landskjörnir þingmenn. Með breytingartillögunum er leitast við að koma á jöfnun milli flokka með úthlutun innan kjördæmanna. Kosningaúrslit á landinu öllu hafa þá nokkur áhrif í kjördæmunum. Þess er þó gætt, að þau áhrif verði lítil í fámennustu kjördæmunum. Er allt að fjórðungur þingsæta hvers kjördæmis háður jöfnunar-ákvæðum. Jöfnunarsæti eru því 1 í hverju kjördæmi utan Suðvesturlands, en 2—3 í Reykjaneskjördæmi og 3—4 í Reykjavík eða alls um 13. Auk þess er eitt sæti óbundið kjördæmum eins og áður segir. Jöfnunarsætum þessum er skipt á milli þingflokka á sama hátt og nú er.

4. Í frv. eru rýmkaðir möguleikar kjósenda til áhrifa á það hverjir frambjóðendur ná kosningu af hverjum lista.
5. Þá eru í frv. gerðar breytingar á skilyrðum kosningarréttar til samræmis við breytingar á 33. gr. stjórnarskrárinnar. Meðal annars er aldursmark lækkað úr 20 árum í 18 ár.
6. Meðal annarra nýmæla í frv. má nefna að framboðsfrestur er stytur um eina viku. Þá er verksvið landskjörstjórnar vikkað en dregið úr hlutverki yfirkjörstjórna að sama skapi. Vísast um þessi nýmæli til athugasemda við einstakar greinar.
 - 1., 2. og 3. þætti verða gerð rækilegri skil hér á eftir. Einstakra greina frv. verður getið eins og ástæða þykir til. Þá er fylgiskjal er sýnir hvert skref í úthlutun þingsæta samkvæmt ákvæðum þessa frv. á grundvelli úrslita í alþingiskosningum 1979.

1. Skipting þingsæta á kjördæmi.

Skv. 5.—6. gr. frv. þessa og í samræmi við 1. gr. frv. um stjórnarskipunarlög er ráðgert að þingmenn verði 63 en kjördæmi hin sömu og nú eða 8 talsins. Í stjórnarskrá verði tilgreind lágmarkstala þingsæta í hverju kjördæmi. Samtals verði 54 þingsætum ráðstafað á þann hátt. Af þeim hljóti Reykjavík 14 þingsæti, Reykjanes 8, Norðurland eystra og Suðurland 6 hvort og önnur kjördæmi 5 þingsæti hvert. Í frv. þessu um breytingu á kosningalögum er fjallað um ráðstöfun þeirra 9 sæta sem þá eru eftir. Eitt þessara sæta er óbundið kjördæmum, en ætlunin er að hinum 8 sé skipt fyrir hverjar kosningar milli kjördæmanna til að jafna vægi atkvæða. Við þá skiptingu er lögð til grundvallar tala kjósenda á kjörskrá í hverju kjördæmi í næstu kosningum á undan. Er því ávallt vitað í upphafi hvers kjörtímabils hver muni verða skipting þingsæta í næstu kosningum til Alþingis.

Reikniaðferðinni, sem beitt er við framangreinda skiptingu, svipar til þeirrar aðferðar sem notuð er við skiptingu uppbótarsæta milli þingflokka í gildandi kosningalögum. Tölu kjósenda í hverju kjördæmi er deilt með sérstökum deilitölum og sætum síðan raðað á kjördæmin eftir lækkanði útkomutölum. Væri farið eins að og við skiptingu uppbótarsæta ættu deilitölurnar í kjördæmi, sem þegar hefur hlotið 5 þingsæti, að vera 6, 7, 8, 9 o. s. frv. Nú eru þingsætin 8 á hinn bóginn ekki nægilega mörg til þess að unnt sé að jafna vægi atkvæða til fulls. Þykir því eðlilegt að þannig sé skipt að vægi atkvæða minnki eftir því sem kjördæmi hafa fleiri kjósendur. Þessu er náð fram með deilitölum sem taka stærri skref en þær fyrrgreindu, þ. e. tölunum 11, 15, 19, 23 o. s. frv.

Í töflu I á fylgiskjali með frv. þessu kemur fram hvernig þessari skiptireglu hefði verið beitt fyrir kosningarnar 1979 (og þá á grundvelli kjósendatölu frá kosningunum 1978).

Verði frv. þetta að lögum má ætla að í fyrsta sinn, sem reynir á ákvæði þess í kosningum, verði skipting þingsæta miðuð við tölu kjósenda í apríl 1983. Þær kjósendatölur eru ekki tiltækar nú, en tala kjósenda í bæjar- og sveitarstjórnarkosningum 1982 ætti að gefa góða vísbendingu. Miðað við tölur úr þeim kosningum yrði skipting þingsæta þessi:

Reykjavík	18 þingsæti
Reykjanes	11 þingsæti
Vesturland	5 þingsæti
Vestfirðir	5 þingsæti
Norðurland vestra	5 þingsæti
Norðurland eystra	7 þingsæti
Austurland	5 þingsæti
Suðurland	6 þingsæti
Samtals	62 þingsæti

Auk þess er einu þingsæti úthlutað til kjördæmis að kosningum loknum.

Í eftirfarandi yfirliti er því lýst hvaða breytingar á kjósendatölu kynnu að færa þingsæti milli kjördæma:

Tilfærsla til RV frá RN ef kjósendum í RV fjölgar um	11,2%
Tilfærsla til RN frá RV ef kjósendum á RN fjölgar um	8,4%
Tilfærsla til VL frá RV ef kjósendum á VL fjölgar um	19,0%
Tilfærsla til VF frá RV ef kjósendum á VF fjölgar um	70,9%
Tilfærsla til NV frá RV ef kjósendum á NV fjölgar um	63,0%
Tilfærsla til NE frá RV ef kjósendum á NE fjölgar um	18,4%
Tilfærsla til AL frá RV ef kjósendum á AL fjölgar um	37,2%
Tilfærsla til SL frá RV ef kjósendum á SL fjölgar um	22,9%
Tilfærsla frá RV til RN ef kjósendum í RV fækkar um	7,8%
Tilfærsla frá RN til RV ef kjósendum í RN fækkar um	10,4%
Tilfærsla frá NE til RV ef kjósendum í NE fækkar um	12,5%

Í þessu yfirliti er miðað við einhliða fjölgun eða fækkun kjósenda í viðkomandi kjördæmi.

Í eftirfarandi töflu er gerður samanburður á vægi atkvæða kjósenda eftir búsetu. Miðað er við tölu kjósenda á kjörskrá 1959 og 1979. Búsetujafnvægi bæði árin er sýnt eins og það varð í reynd og jafnframt hvernig það hefði orðið í kosningum 1979 ef miðað er við tillögur þessa frumvarps.

Kjördæmi	1959 Núgildandi reglur		1979 Núgildandi reglur		1979 Nýjar reglur	
	Kjós. á þingsæti ²⁾	Vægis- vísir ¹⁾	Kjós. á þingsæti ²⁾	Vægis- vísir ¹⁾	Kjós. á þingsæti ³⁾	Vægis- vísir ¹⁾
RV	2 669	3,22	3 760	3,67	3 150	2,56
RN	1 518	1,83	4 216	4,11	2 683	2,18
VL	1 302	1,57	1 447	1,41	1 447	1,18
VF	952	1,15	1 025	1,00	1 230	1,00
NV	828	1,00	1 093	1,07	1 312	1,07
NE	1 367	1,65	2 189	2,14	2 189	1,78
AL	1 162	1,40	1 281	1,25	1 537	1,25
SL	1 451	1,75	1 681	1,64	1 961	1,59

¹⁾ Vægisvísir er 1,00 í því kjördæmi þar sem fæstir kjósendur eru að baki hverjum þingmanni. Í öðrum kjördæmum sýnir vægisvísirinn hve marga kjósendur þarf til að jafngilda 1 kjósanda þar.

²⁾ Með þingsætum er hér átt við heildartölu þingsæta hvers kjördæmis að uppbótarpingsætum meðtöldum.

³⁾ Með þingsætum er hér átt við heildartölu þingsæta hvers kjördæmis eftir að öllum þingsætunum 63 hefur verið ráðstafað til kjördæma.

2. Úthlutun þingsæta í kjördæmum.

Tekin er upp ný regla við úthlutun þingsæta í kjördæmum á grundvelli atkvæðafylgis. Verður henni nánar lýst hér á eftir, en fyrst verður vikið að þeirri aðferð sem nú er í gildi.

Með hlutfallskosningum er stefnt að því, að þingstyrkur þeirra, sem fram bjóða, sé í beinu hlutfalli við atkvæðastyrk. Gildandi úthlutunarregla nær trauðla þessu markmiði. Hér er því gert ráð fyrir nýrri úthlutunarreglu þingsæta. Sú aðferð, sem nú er beitt, var algeng á fyrri hluta þessarar aldar en er nú aflögð í mörgum grannlöndum okkar. Hún er kennd við Belgíumann að nafni d'Hondt. Henni er þannig lýst í gildandi kosningalögum (109. gr.):

„Í kjördæmi skal telja saman, hve margir hafi kosið hvern lista, og er það atkvæðatala listanna hvers um sig.

Til þess að finna, hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa atkvæðatölur listanna hverja fyrir neðan sinn bókstaf, þá helming talnanna, þá þriðjung þeirra, þá fjórðung o. s. frv., eftir því, hve marga á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar, jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna sem hann á af tölum þessum.

Standi ekki svo mörg nöfn á lista sem honum ber fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum eftir sömu reglu.“

Samkvæmt þessu er aðferðin þannig að atkvæðatölum hvers lista er deilt með tölunum 1, 2, 3 o. s. frv. og útkomutölum síðan raðað eftir lakkandi gildum. Í fimm manna kjördæmi segja fimm hæstu tölurnar í þessari röð til um hverjir náð hafa kjöri.

Sem dæmi um þessa úthlutunaraðferð þingsæta má taka eftirfarandi kosningaúrslit þar sem gild atkvæði eru 10 þúsund og kjósa á 5 þingmenn:

Listi	Atkvæði	Atkvæði á þingmann (Deilitölur)			Tala þingsæta
		(1)	(2)	(3)	
X	4300	4300	2150	1433 $\frac{1}{3}$	3
Y	2700	2700	1350	900	1
Z	1700	1700	850	566 $\frac{2}{3}$	1
Ö	1300	1300	650	433 $\frac{1}{3}$	0

Úthlutunarröðin yrði þá þessi:

1. sæti til X-lista á 4300 atkv.
2. sæti til Y-lista á 2700 atkv.
3. sæti til X-lista á 2150 atkv.
4. sæti til Z-lista á 1700 atkv.
5. sæti til X-lista á 1433 $\frac{1}{3}$ atkv.

Samkvæmt þessu fær t. d. X-listi 60% þingmanna — þrjá af fimm — á 43% atkvæða, en það er einmitt einkenni þessarar aðferðar að þingstyrkur þeirra framboða, sem flest atkvæði hljóta, verður oft hlutfallslega meiri en atkvæðastyrkur þeirra.

Í annan stað er það einkenni þessarar aðferðar, að talsvert atkvæðafylgi þarf til þess að listi fái þingmann kjörinn. Það má líka orða svo að í henni felist vörn gegn því, að lítill atkvæðastyrkur dugi til þingmannskjörs.

Samkvæmt þeirri aðferð, sem hér er lagt til að upp verði tekin, er leitast við að ná meira samræmi milli atkvæðafylgis og þingstyrks, en jafnframt er spornað nokkuð gegn því, með sérákvæðum um lágmarksfylgi, að fá atkvæði dugi til að listi fái þingsæti.

Fyrsta þrep aðferðarinnar felur í sér að reiknaður er þingsætahlutur hvers framboðs, þ. e. a. s. sú tala þingsæta sem hverju framboði ber miðað við hlutfallslegt fylgi. Sá listi, sem hefur 40% fylgi í 5 manna kjördæmi, á þá þingsætahlut sem nemur 40% af 5 eða þingsætahlutinn 2,000, en það framboð, sem hefur 25%, hefur þingsætahlutinn 25% af 5,

sem er 1,250. Samkvæmt meginreglu er þingsæti fyrst úthlutað á grundvelli stærsta þingsætahlutar, sem síðan er lækkaður um 1. Næst fer sæti til þess lista, sem nú á stærstan þingsætahlut, o. s. frv.

Ef dæmið er skoðað að nýju verður úthlutun þannig:

Listi	Atkvæði	Þingsætahlutur	Tala þingsæta
X	4300	2,150	2
Y	2700	1,350	1
Z	1700	0,850	1
Ö	1300	0,650	1

Úthlutunarröðin yrði nú þessi:

1. sæti til X-lista á þingsætahlut 2,150
2. sæti til Y-lista á þingsætahlut 1,350
3. sæti til X-lista á þingsætahlut 1,150
4. sæti til Z-lista á þingsætahlut 0,850
5. sæti til Ö-lista á þingsætahlut 0,650

Til þess að stuðla að jöfnuði milli flokka er vikið frá þessari reglu að því er varðar úthlutun síðasta þingsætis í fimm, sex og sjö manna kjördæmum og tveggja til fjögurra síðustu þingsæta í fjölmennustu kjördæmunum. Er úthlutun þeirra háð því skilyrði, að atkvæðastyrkur á landinu í heild réttlæti að framboðið hljóti þingsætið. Jafnframt eru sett lágmarksskilyrði um atkvæðastyrk til þess að til úthlutunar þingsætis komi í þessum áfanga. Nánar tiltekið eru reglurnar þær, að a. m. k. $\frac{3}{4}$ þingsæta í hverju kjördæmi eru óháðir jöfnunarákvæðum. Þetta jafngildir 14 þingsætum af 18 í Reykjavíkurborgkjördæmi, 9 af 11 í Reykjaneskjördæmi, en einungis eitt þingsæti yrði háð jöfnunarákvæðum í kjördæmum þar sem þingmenn eru 7 eða færri.

Varðandi þau þingsæti, sem óháð eru jöfnunarákvæðum, er jafnframt sett það skilyrði, að þingsætahlutur sé ekki lægri en 0,8 eða framboðið, sem um er að ræða, hafi fengið a. m. k. 5% atkvæða á landsvísu. Enn fremur verður listi að hafa hlotið a. m. k. 7% gildra atkvæða í sínu kjördæmi til þess að koma til álita.

Í fyrrnefndu dæmi hefðu þessi skilyrði engin áhrif haft. Fjórum þingsætum af fimm hefði verið úthlutað án tillits til jöfnunar. Síðar hefði 5. sætið getað fallið Ö-listanum í skaut og væri þá m. a. undir því komið, hvort sá listi hefði nægilegt fylgi á landsvísu.

Ef þingsætahlutir hefðu hins vegar verið eilítið frábrugðnir því, sem áður var rakið, hefðu þessi ákvæði getað orðið virk.

Gerum t. d. ráð fyrir að þingsætahlutirnir hefðu verið þessir:

X	2,200
Y	1,400
Z	0,750
Ö	0,650

Nú fer fjórða sætið ekki til Z-lista nema þau stjórnmalasamtök, sem að honum standa, hafi hlotið a. m. k. 5% atkvæða á landinu öllu. Ef því skilyrði er fullnægt hlýtur hann fjórða sætið. Ef Z-listinn fullnægir því ekki, heldur Ö-listinn, fer fjórða sætið til þess lista í staðinn.

3. Úthlutun jöfnunarsæta.

Eins og áður greinir er ákveðið fyrir kosningar í hvaða kjördæmum jöfnunarsætin, að einu undanskildu, koma til úthlutunar. En þeim er ætlað að tryggja samræmi milli þingstyrks og atkvæðafylgis. Viðfangsefnið er þá annars vegar að ákveða hve mörg jöfnunarsæti hverjum stjórnmalasamtökum ber og hins vegar úr hvaða kjördæmum hvert framboð skuli hljóta jöfnunarsæti.

Við úthlutun jöfnunarsæta er það skilyrði sett, að stjórnmalasamtök hafi hlotið 5% gildra atkvæða samanlagt af landinu öllu. Sé fylgið minna koma stjórnmalasamtökin ekki til álita við úthlutun jöfnunarsæta, en sé það meira skulu þau eiga rétt á jöfnunarsætum hvort sem þau hafa einhvers staðar hlotið þingsæti í kjördæmi án tillits til jöfnunarákvæða eða ekki. Er þetta eitt nýmælanna í þessu lagafrumvarpi.

Til þess að ákveða, hve mörg jöfnunarsæti hver stjórnmalasamtök skuli hljóta, er beitt sömu aðferð og nú er í gildi um skiptingu uppþótarsæta. Er aðferðin fólgin í því að deila atkvæðatölum hverra stjórnmalasamtaka með tölunum 1, 2, 3, 4 o. s. frv., fella niður hæstu útkomutölur, jafnmargar og nemur heildartölu þeirra þingsæta sem framboðið hefur þegar hlotið, en úthluta síðan jöfnunarsætunum á hæstu útkomutölur. Kemur þá í ljós, hve mörg jöfnunarsæti hver stjórnmalasamtök fá, með sama hætti og nú tíðkast.

Liggur næst fyrir að ákveða úr hvaða kjördæmum stjórnmalasamtökin, hver um sig, skuli hljóta jöfnunarsæti. Við þá ákvörðun eru lagðir til grundvallar þingsætahlutir hvers framboðs í hverju kjördæmi að lokinni úthlutun þeirra sæta sem óháð eru jöfnunarákvæðum og lýst er í 2. lið.

Þessi úthlutun fer fram í fjórum áföngum. Í hverjum áfanga koma einungis til álita þeir listar sem enn hafa ekki hlotið rétta tölu þingsæta samkvæmt fyrrgreindri skiptingu jöfnunarsæta milli stjórnmalasamtaka. Að lokinni úthlutun hvers þingsætis er þingsætahlutur þess lista, sem sætið hlaut, lækkaður um 1 sem fyrr.

Í fyrsta áfanga koma til álita þeir listar og þau kjördæmi þar sem þingsætahlutir eru 0,8 eða hærri. Er þingsætum úthlutað á alla slíka þingsætahluti, uns stjórnmalasamtök hafa hlotið nægilega mörg jöfnunarsæti. Fyrsta sætinu er úthlutað á stærsta hlut, öðru sæti á hinn næststærsta og þannig koll af kalli. Með því að þingsætahlutir eru bundnir kjördæmum ræðst jafnóðum í hvaða kjördæmi er verið að úthluta jöfnunarsæti. Þingsæti í þessum áfanga koma einkum í hlut tveggja fjölmennustu kjördæmanna, Reykjavíkur og Reykjanes. Er talið sanngjarn og eðlilegt að svo sé, enda má benda á að minnsti þingsætahlutur í þessum áfanga, 0,8, samsvarar um 2150 atkvæðum í Reykjavík miðað við kjósendatölur frá 1979. Í hinum fámennari kjördæmum hefur þegar verið úthlutað sætum á þingsætahlut, sem er 0,8 hið minnsta, áður en kemur til úthlutunar jöfnunarsæta. Tilraunaúthlutanir sýna að oft er 4. sæti í fimm manna kjördæmum úthlutað á grundvelli þingsætahlutar í grennd við 0,7, sem samsvarar um 750—1100 atkvæðum í þessum kjördæmum.

Þegar komið er að úthlutun jöfnunarsæta samkvæmt öðrum áfanga skortir að jafnaði 1 þingsæti á fulla þingsætatölu í öllum kjördæmum nema í Reykjavík, þar sem enn skortir um 2—3 sæti á rétta tölu. Með ráðstöfun jöfnunarsæta er ekki ætlunin að víkja frá eðlilegri úthlutun í fámennustu kjördæmunum nema brýna nauðsyn beri til. Í samræmi við það fer úthlutun í þessum áfanga þannig fram að byrjað er að úthluta í því kjördæmi þar sem fæstir kjósendur eru á kjörskrá. Því næst er tekið fyrir kjördæmi með næstfæsta kjósendur og þannig koll af kalli. Við úthlutunina koma til álita þau stjórnmalasamtök, sem hafa ekki enn hlotið tilskilda tölu þingsæta, og þeir listar sem hlotið hafa a. m. k. 7% atkvæða í sínu kjördæmi. Einu jöfnunarsæti er ráðstafað til hvers þeirra kjördæma sem hafa ekki hlotið fulla þingsætatölu.

Skorti enn á tilskilda þingsætatölu í einhverju kjördæmi fer fram þriðji áfangi úthlutunar. Í honum er þingsætum úthlutað þar sem þingsætahlutir eru nú stærstir og síðan gengið á röð lakkandi þingsætahluta. En eins og áður er einungis úthlutað til þeirra stjórnmalasamtaka sem hafa ekki enn hlotið öll jöfnunarsæti sín. Úthlutun í þessum áfanga verður nær einungis í Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæmi.

Í fjórða áfanga er úthlutað síðasta þingsætinu og þá til þeirra stjórnmalasamtaka, sem enn skortir þingsæti. Er því úthlutað til þess lista þessara stjórnmalasamtaka sem nú hefur stærstan þingsætahlut. Þar með er lokið úthlutun jöfnunarsætanna og jafnframt úthlutun allra þingsæta.

Til nánari skýringar á aðferðinni og hverjum áfanga hennar má taka eftirfarandi dæmi:
 Gert er ráð fyrir að þingsætahlutir (að lokinni úthlutun þeirra þingsæta sem óháð eru jöfnunarákvæðum) séu eins og taflan hér á eftir sýnir. Þar má einnig sjá hve mörgum jöfnunarsætum skal úthluta til hvers framboðs og hversu mörg sæti koma til slíkrar úthlutunar í hverju kjördæmi.

Kjördæmi	Framboð					Til úthlutunar
	X	Y	Z	P	Ö	
1	1,120 (2)	0,324	0,493	1,216 (1)	0,847 (4)	4
2	0,285	0,611	0,075	0,979 (3)	0,050	2
3	0,027	0,645	-0,271	0,032	0,567	1
4	0,213	0,352	0,014	-0,218	0,639	1
5	0,337	-0,184	0,306	0,598	-0,056	1
6	-0,118	0,739	0,412	-0,048	0,015	1
7	-0,187	-0,080	0,463	0,224	0,580	1
8	0,051	0,503	0,560	-0,243	0,129	1
Tala jöfnunarsæta	4	3	2	3	1	

Hér eiga öll framboð að hljóta jöfnunarsæti:

X-framboð á að hljóta 4 sæti

Y-framboð á að hljóta 3 sæti

Z-framboð á að hljóta 2 sæti

P-framboð á að hljóta 3 sæti

Ö-framboð á að hljóta 1 sæti

Tölur þingsæta, sem úthluta á í hverju kjördæmi, eru þessar:

Í 1. kjördæmi komi 4 þingsæti,

í 2. kjördæmi komi 2 þingsæti,

en 1 þingsæti er til úthlutunar í hverju hinna kjördæmanna.

Í fyrsta áfanga er úthlutað á þingsætahluti sem eru 0,8 hið minnsta. Samkvæmt því er úthlutað 4 þingsætum. Þau eru merkt með tölunum 1, 2, 3 eða 4 innan sviga fyrir neðan samsvarandi þingsætahlut.

Við hverja úthlutun lækkar þingsætahlutur um 1 og breytist taflan í samræmi við það. Nú hefur þremur jöfnunarsætum verið úthlutað í 1. kjördæmi og einu úr 2. kjördæmi. Er nú einungis eitt þingsæti eftir til úthlutunar í hverju kjördæmi. Að loknum fyrsta áfanga er taflan því þannig:

Kjördæmi	Framboð					Til úthlutunar
	X	Y	Z	P	Ö	
1	0,120 (12)	0,324	0,493	0,216		1
2	0,265 (11)	0,611	0,075	-0,021		1
3	0,027 (8)	0,645	-0,271	0,032		1
4	0,213 (5)	0,352	0,314	-0,218		1
5	0,337 (6)	-0,184	0,306	0,598 (6)		1
6	-0,118 (10)	0,739	0,412	-0,048		1
7	-0,187 (7)	-0,080	0,463 (7)	0,224		1
8	0,051 (9)	0,503	0,560 (9)	-0,243		1
Tala jöfnunarsæta	3	3	2	1		

Í öðrum áfanga er úthlutað einu þingsæti til hvers kjördæmis, enda hafi listi hlotið 7% atkvæða í því kjördæmi. Er nú úthlutað á stærstu þingsætahluti og byrjað á því kjördæmi þar sem fæstir eru á kjörskrá, síðan tekið fyrir kjördæmi með næstfæsta kjósendur og þannig koll af kalli.

Í dæminu er röð kjördæma eftir hækkandi kjósendatölu látin vera þessi:

4. kjördæmi
5. kjördæmi
7. kjördæmi
3. kjördæmi
8. kjördæmi
6. kjördæmi
2. kjördæmi
1. kjördæmi

Í 4. kjördæmi hlýtur Y-listi jöfnunarsæti nr. 5

Í 5. kjördæmi hlýtur P-listi jöfnunarsæti nr. 6

Hefur P-listi þá hlotið þau sæti, sem honum ber, og kemur ekki frekar til álita.

Í 7. kjördæmi hlýtur Z-listi jöfnunarsæti nr. 7

Í 3. kjördæmi hlýtur Y-listi jöfnunarsæti nr. 8

Í 8. kjördæmi hlýtur Z-listi jöfnunarsæti nr. 9

Hefur Z-listi þá hlotið þau sæti, sem honum ber, og kemur ekki til álita í framhaldinu.

Í 6. kjördæmi hlýtur Y-listi sætið og er það jöfnunarsæti nr. 10.

Hefur þá Y-listi hlotið tilskilin sæti.

Er nú X-listi eini listinn sem hefur ekki hlotið tilskilin sæti. Í hans hlut koma því sæti úr 1. og 2. kjördæmi og eru þau merkt nr. 11 og 12.

Samkvæmt þessu kemur ekki til neinnar úthlutunar í þriðja áfanga. Hins vegar hlýtur X-listi sætið sem til úthlutunar er í fjórða áfanga og er það í 5. kjördæmi.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Grein þessi fjallar um skilyrði kosningarréttar. Samkvæmt 33. gr. stjórnarskrárinnar eru skilyrðin nú þessi: 20 ára aldur, íslenskur ríkisborgararéttur, lögheimili hér á landi og lögræði. Í 2. gr. frumvarps til stjórnarskipunarlaganna um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er lagt til að þessari grein stjórnarskrárinnar verði breytt í þremur atriðum. Kosningaraldur verði lækkaður í 18 ár og óflekkað mannorð verði fellt brott sem kosningarréttarskilyrði. Enn fremur er rýmkað um búsetuskilyrði kosningarréttarins. Vísast um þessi efni til greinargerðar með frumvarpi til stjórnarskipunarlaganna. Vegna þessa er nauðsynlegt að leggja til sams konar breytingar á 1. gr. kosningalaganna. Um efnisrök fyrir þessum tillögum má vísa til athugasemda við 2. gr. áður nefnds frumvarps til stjórnarskipunarlaganna.

Um 2. gr.

Efni 2. gr. laganna er í frv. flutt í nýja 3. gr., sbr. 4. gr. frv. og athugasemdir við hana. 3. gr. laganna er óþörf og fellur því niður.

Um 3. gr.

Í 1. gr. er lagt til að óflekkað mannorð verði afnumið sem kosningarréttarskilyrði, en hér er lagt til að því verði haldið sem kjörgengisskilyrði.

Um 4. gr.

Var áður 2. gr. Verður nú vegna efnisskipunar 3. gr. Ekki er lögð til breyting á skilgreiningu þess, hvað telst vera óflekkað mannorð.

Um 5. gr.

Kjördæmaskipan er óbreytt.

Um 6. gr.

Sjá hina almennu greinargerð hér að framan.

Um 7. gr.

Aldursmark kosningarréttar er lækkað úr 20 árum í 18 ár. Þá er rýmkað um búsetuskilyrði kosningarréttar. Samkvæmt breytingunni mega þeir, sem dveljast erlendis, kjósa ef þeir hafa átt lögheimili hér á landi einhvern tíma á 4 síðustu árum fyrir kosningar.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að framboðsfrestur verði styttr um eina viku. Er sú breyting í samræmi við þann hátt sem ýmis nálæg ríki hafa á um framboðsfrest. Þykir m. a. ástæða til að stytta frestinn svo að unnt sé að ákveða kosningar með skemmri fyrirvara en nú er. Samgöngum og fjölmiðlun er nú svo háttáð að þetta ætti að vera kleift og ætti ekki að koma í veg fyrir að kjósendur geti kynnt sér framboðin og neytt atkvæðisréttar síns.

Þessi breyting ásamt því fyrirkomulagi frumvarpsins, að landskjörstjórn tekur fyrir kosningar ákvarðanir um landsframboð, leiðir til þess, að ýmsir aðrir frestir í lögnum styttest einnig. Sjá um það 14. gr., 16. gr. og 17. gr. frv.

Um 9. gr.

Með þeirri kosningaskipan, sem lögð er til með frumvarpinu, er ráðgert að framboðslistar hversra stjórnmalasamtaka eigi saman við úthlutun þingsæta samkvæmt 27. og 28. gr. frv. Er þetta að sínu leyti sama skipan og nú gildir um úthlutun uppbótarsæta.

Í 9. gr. er þessum sameiginlegu framboðum sama aðila gefið heitið „landsframboð“. Er gert ráð fyrir að skrifleg yfirlýsing fylgi framboðslista um það, fyrir hvaða stjórnmalasamtök listi er boðinn fram. Ber landskjörstjórn að taka þá yfirlýsingu til greina, að því tilskildu að sams konar yfirlýsing fylgi öðrum listum frá sömu stjórnmalasamtökum. Ef slíka yfirlýsingu vantar telst framboðslistinn einn vera landsframboð.

Taka ber fram að hugtakið „stjórnmalasamtök“ er hér notað í mjög rúmri merkingu og táknar í sjálfu sér alla sem taka þátt í stjórnmalum með því að bjóða fram lista.

Ekki eru lagðar til aðrar breytingar á 27. gr., 3. mgr. laganna en þær sem leiðir af hinni nýju skipan um landsframboð.

Um 10. gr.

Svo sem fram kemur m. a. í 14. gr. frumvarpsins er nú gert ráð fyrir að landskjörstjórn taki endanlega afstöðu til þess fyrir kosningar, til hvers landsframboðs framboðslisti telst. Jafnframt er nú gert ráð fyrir að landskjörstjórn úthluti öllum þingsætum, sbr. 23. gr. frv.

Nauðsynlegt er því að gera breytingar á 34. gr. laganna um umboðsmenn stjórnmalasamtaka (landsframboða) gagnvart landskjörstjórn og kveða skýrt á um réttinn til að hafa umboðsmenn viðstadda við hin nýju og mikilvægu störf landskjörstjórnar.

2. mgr. skýrir sig sjálf.

Um 11. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Efnislega er hér ekki um að ræða aðrar breytingar en þær sem leiðir af hinni nýju skipan um landsframboð.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á að ráðgert er að yfirkjörstjórnir merki listana bókstöfum, svo sem verið hefur, eftir að hafa farið yfir þá samkvæmt ákvæðum 38. gr. laganna og úrskurðað um gildi þeirra. Landskjörstjórn hefur síðan það hlutverk að taka merkingarnar til endurskoðunar í samræmingar skyni, sbr. 14. gr. frv.

Um 13. gr.

Efnislega er ákvæði þetta óbreytt. Aðeins eru gerðar lagfæringar á orðalagi.

Um 14. gr.

Hér vísast að nokkru til athugasemda við 10. gr. Um greinina að öðru leyti skal tekið fram að nauðsynlegt er að úr því sé skorið endanlega fyrir kosningar, til hverra landsframboða einstakir framboðslistar í kjördæmum teljast. Þetta skiptir kjósendur miklu máli, sbr. 27. og 28. gr. frv., þar sem fram kemur að úthlutun sumra þingsæta fer eftir atkvæðastyrk landsframboða.

Í 2. mgr. er ráðgerð sú breyting að landskjörstjórn skuli auglýsa framboðin á landinu öllu í stað þess að nú annast yfirkjörstjórnirnar þetta hver í sínu kjördæmi. Er þetta eðlilegt vegna þeirra breytinga sem verða á hlutverki landskjörstjórnar, auk þess sem nokkur tími ætti að sparast við þetta. Ekki eru sett bein tímamörk um hvenær auglýsing skuli birtast, heldur aðeins sagt að það skuli gert eigi síðar en einum sólarhring áður en atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefst. Hitt er ljóst, að landskjörstjórn ber að hraða þessum störfum sínum eftir föngum og aldrei má auglýsing birtast síðar en 2 vikum og einum sólarhring fyrir kjördag vegna ákvæða 17. gr. frv.

Um 15. gr.

Þessa breytingu leiðir af öðrum. Auðvitað er ekki unnt að láta fullgera kjörseðla fyrr en landskjörstjórn hefur lokið starfi sínu samkvæmt 14. gr. frv. og endursent framboðslista til yfirkjörstjórna.

Um 16. gr.

Þessi stytting á fresti er nauðsynleg vegna styttingar á öðrum frestum laganna. Þykir ekki vera tekin nein áhætta að þessu leyti vegna þess að samgöngur hafa batnað. Er ljóst að yfirkjörstjórnnum ber að haga sendingu kjörseðlanna þannig að tryggt sé að undirkjörstjórnir fái seðlana nægilega snemma í hendur.

Um 17. gr.

Vísa má að nokkru til athugasemda við 14. gr. frv.

Vegna þeirrar styttingar, sem í 8. gr. frv. er gerð á framboðsfresti, er nauðsynlegt að stytta kosningartíma utan kjörfundar. Bættar samgöngur valda því, að hagsmunum kjósenda þykir ekki hætta búin af þessum sökum.

Um 18. gr.

Rétt þótti að lagfæra orðalag þessa ákvæðis. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

1. mgr. er efnislega óbreytt frá því, sem nú er, að öðru leyti en því, að nú er kveðið svo á að yfirkjörstjórnin skuli telja atkvæði einstakra frambjóðenda í sæti listans, sbr. athugasemdir við 29. gr. frv.

Í 2. mgr. er aðeins kveðið á um afgreiðslu á kosningaúrslitum til landskjörstjórnar, sem á að annast úthlutun allra þingsæta á landinu. Að sínu leyti er hér um að ræða sömu ákvæði og eru nú í 116. gr. laganna.

Í 3. mgr. er tekið inn ákvæði sem er 115. gr. nógildandi laga.

Um 21. — 24. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 25. — 28. gr.

Sjá hina almennu greinargerð hér að framan.

Um 29. gr.

Í þessari grein er kveðið á um aðferðina við að ákveða hvaða frambjóðendur af lista teljast hafa náð kjöri sem þingmenn af listanum. Hér er tekin upp alkunn aðferð sem mjög hefur verið notuð í prófkjörum á síðustu árum. Er þá talið í hvert sæti listans sérstaklega. Hafi kjósandi engu breytt telst hann greiða óbreyttri röð atkvæði sitt.

Um 30. — 40. gr.

Parfnast ekki skýringa. Efnislega eru ákvæði þessara greina að mestu samhljóða samsvarandi ákvæðum í gildandi lögum.

Um 41. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal .

Yfirlit yfir úthlutun þingsæta eftir kosningaúrslitum 1979 samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Tafla I. Ráðstöfun þingsæta til kjördæma skv. 5. gr., 1. mgr., b-lið (6. gr. frv.).

Sæti nr.	Kjördæmi	Kjósendur/deilir = útkomutala
55	Reykjanes	29510/23 = 1283
56	Reykjavík	56402/47 = 1200
57	Reykjavík	56402/51 = 1106
58	Reykjanes	29510/27 = 1093
59	Reykjavík	56402/55 = 1025
60	Norðurland eystra	15324/15 = 1022
61	Reykjavík	56402/59 = 956
62	Reykjanes	29510/31 = 952

Pingsætatala kjördæma skv. 5. gr., 2. mgr. (6. gr. frv.).

Reykjavík	18	Norðurland vestra	5
Reykjanes	11	Norðurland eystra	7
Vesturland	5	Austurland	5
Vestfirðir	5	Suðurland	6

Tafla II. Atkvæði lista og þingsætahlutir þeirra skv. 111. gr. (25. gr. frv.).

	A	B	D	G	Aðrir samtals	Samtals
Reykjavík	8 691	7 252	21 428	10 888	638	48 897
	3,199	2,670	7,888	4,008	0,235	18,000
Reykjanes	6 187	4 430	10 194	4 679	92	25 582
	2,660	1,905	4,383	2,012	0,040	11,000
Vesturland	1 165	2 812	2 320	1 203	0	7 500
	0,777	1,875	1,547	0,802	0,000	5,000
Vestfirðir	1 188	1 645	1 735	808	0	5 376
	1,105	1,530	1,614	0,751	0,000	5,000
Norðurland vestra	611	2 506	1 606	984	0	5 707
	0,535	2,196	1,407	0,862	0,000	5,000
Norðurland eystra	1 789	5 896	2 758	2 141	857	13 441
	0,932	3,071	1,436	1,115	0,446	7,000
Austurland	414	2 963	1 369	2 154	0	6 900
	0,300	2,147	0,992	1,561	0,000	5,000
Suðurland	1 535	3 357	2 428	1 544	1,484	10 348
	0,890	1,946	1,408	0,895	0,860	6,000

Flokkur A nær ekki 7% atkvæða í Austurlandskjördæmi og fellur því undir ákvæði 112. gr., 3. tölulið (26. gr. frv.). Sama gildir um „aðra samtals“ í Reykjavíkurborgkjördæmi, Reykjaneskjördæmi og Norðurlandskjördæmi eystra.

Tafla III. Úthlutun þeirra sæta, sem ekki eru háð jöfnunarákvæðum, skv. 112. gr. (26. gr. frv.).

Reykjavík		
Úthlutun nr.	Flokkur	Fjöldi sæta: $18 \times (\frac{3}{4}) = 14$ Þingsætahlutur
1	D	7,888
2	D	6,888
3	D	5,888
4	D	4,888
5	G	4,008
6	D	3,888
7	A	3,199
8	G	3,008
9	D	2,888
10	B	2,670
11	A	2,199
12	G	2,008
13	D	1,888
14	B	1,670

Reykjanes		Fjöldi sæta: $11 \times (\frac{3}{4}) = 9$
Úthlutun nr.	Flokkur	Pingsætahlutur
1	D	4,383
2	D	3,383
3	A	2,660
4	D	2,383
5	G	2,012
6	B	1,905
7	A	1,660
8	D	1,383
9	G	1,012

Vesturland		Fjöldi sæta: $5 \times (\frac{3}{4}) = 4$
Úthlutun nr.	Flokkur	Pingsætahluti
1	B	1,875
2	D	1,547
3	B	0,875
4	G	0,802

Vestfirðir		Fjöldi sæta: $5 \times (\frac{3}{4}) = 4$
Úthlutun nr.	Flokkur	Pingsætahlutur
1	D	1,614
2	B	1,530
3	A	1,105
4	G	0,751

Norðurland vestra		Fjöldi sæta: $5 \times (\frac{3}{4}) = 4$
Úthlutun nr.	Flokkur	Pingsætahlutur
1	B	2,196
2	D	1,407
3	B	1,196
4	G	0,862

Norðurland eystra		Fjöldi sæta: $7 \times (\frac{3}{4}) = 6$
Úthlutun nr.	Flokkur	Pingsætahlutur
1	B	3,071
2	B	2,071
3	D	1,436
4	G	1,115
5	B	1,071
6	A	0,932

Austurland		Fjöldi sæta: $5 \times (\frac{3}{4}) = 4$
Úthlutun nr.	Flokkur	Pingsætahlutur
1	B	2,147
2	G	1,561
3	B	1,147
4	D	0,992

Suðurland		Fjöldi sæta: $6 \times (\frac{3}{4}) = 5$
Úthlutun nr.	Flokkur	Pingsætahlutur
1	B	1,946
2	D	1,408
3	B	0,946
4	G	0,895
5	A	0,890

Tafla IV. Yfirlit yfir skiptingu þingsæta eftir úthlutun skv. 112. gr. (26. gr. frv.).

	A	B	D	G	Samtals
Reykjavík	2	2	7	3	14
Reykjanes	2	1	4	2	9
Vesturland	0	2	1	1	4
Vestfirðir	1	1	1	1	4
Norðurland vestra	0	2	1	1	4
Norðurland eystra	1	3	1	1	6
Austurland	0	2	1	1	4
Suðurland	1	2	1	1	5
Samtals	7	15	17	11	

Tafla V. Skipting jöfnunarsæta milli flokka skv. 113. gr. (27. gr. frv.).

L-listinn á Suðurlandi nær ekki 5% atkvæða á landinu öllu og kemur því ekki til álita við úthlutun jöfnunarsæta skv. 113. gr., 1. mgr. (27. gr. frv.).

Sæti nr.	Flokkur	Atkvæði/deilir = útkomutala
51	A	21580/ 8 = 2698
52	D	43838/18 = 2435
53	A	21580/ 9 = 2398
54	D	43838/19 = 2307
55	D	43838/20 = 2192
56	A	21580/10 = 2158
57	D	43838/21 = 2088
58	G	24401/12 = 2033
59	D	43838/22 = 1993
60	A	21580/11 = 1962
61	B	30861/16 = 1929
62	D	43838/23 = 1906
63	G	24401/13 = 1877

Tafla VI. Úthlutun jöfnunarsæta skv. 114. gr. (28. gr. frv.).

1. áfangi jöfnunarúthlutunar skv. 114. gr., 2. tölulið (28. gr. frv.), þingsætahlutir og nr. þingsætis innan sviga.

	A	B	D	G	Vantar
Reykjavík	1,999	0,670	0,888	1,008	4
	(51)		(54)	(52)	
Reykjanes	0,660	0,905	0,383	0,012	2
		(53)			
Vesturland	0,777	-0,125	0,547	-0,198	1
Vestfirðir	0,105	0,530	0,614	-0,249	1
Norðurland vestra	0,535	0,196	0,407	-0,138	1
Norðurland eystra	-0,068	0,071	0,436	0,115	1
Austurland	0,300	0,147	-0,008	0,561	1
Suðurland	-0,110	-0,054	0,408	-0,105	1
Vantar	4	1	6	2	

Úthlutunarröð skv. 1. áfanga:

Sæti nr.	Flokkur — nr. sætis	Kjördæmi	Þingsætahlutur
51	A — 3	Reykjavík	1,199
52	G — 4	Reykjavík	1,008
53	B — 2	Reykjanes	0,905
54	D — 8	Reykjavík	0,888

2. áfangi jöfnunarúthlutunar skv. 114. gr., 3. tölulið (28. gr. frv.), þingsætahlutir og nr. þingsætis innan sviga.

	A	B	D	G	Vantar
Reykjavík	0,199	0,670	-0,112	0,008	1
			(62)		
Reykjanes	0,660	-0,095	0,383	0,012	1
	(61)				
Vesturland	0,777	-0,125	0,547	-0,198	1
	(58)				
Vestfirðir	0,105	0,530	0,614	-0,249	1
			(55)		
Norðurland vestra	0,535	0,196	0,407	-0,138	1
	(56)				
Norðurland eystra	-0,068	0,071	0,436	0,115	1
			(60)		
Austurland	0,300	0,147	-0,008	0,561	1
				(57)	
Suðurland	-0,110	-0,054	0,408	-0,105	1
			(59)		
Vantar	3		5	1	

Úthlutunarröð skv. 2. áfanga:

Sæti nr.	Flokkur nr. sætis	Kjördæmi	Þingsætahlutur
55	D — 2	Vestfirðir	0,614
56	A — 1	Norðurland vestra	0,535
57	G — 2	Austurland	0,561
58	A — 1	Vesturland	0,777
59	D — 2	Suðurland	0,408
60	D — 2	Norðurland eystra	0,436
61	A — 3	Reykjanes	0,660
62	D — 9	Reykjavík	-0,112

4. áfangi jöfnunarúthlutunar skv. 114. gr., 5. tölulið (28. gr. frv.), þingsætahlutir og nr. þingsætis innan sviga.

	D
Reykjavík	-1,112
Reykjanes	0,383
Vesturland	0,547
	(63)
Vestfirðir	-0,386
Norðurland vestra	0,407
Norðurland eystra	-0,564
Austurland	-0,008
Suðurland	-0,592
	Vantar 1

Úthlutunarröð skv. 4. áfanga:

Sæti nr.	Flokkur nr. sætis	Kjördæmi	Þingsætahlutur
63	D — 2	Vesturland	0,547

Tafla VII. Endanleg skipting þingsæta og atkvæði á þingmann (til samanburðar innan sviga raunveruleg úrslit 1979).

		A	B	D	G	Samtals
Reykjavík	þingsæti	3 (3)	2 (2)	9 (6)	4 (4)	18 (15)
	atkvæði	2 897	3 626	2 381	2 722	2 717
		(2 897)	(3 626)	(3 571)	(2 722)	(3 260)
Reykjanes	þingsæti	3 (2)	2 (1)	4 (3)	2 (1)	11 (7)
	atkvæði	2 062	2 215	2 549	2 340	2 326
		(3 094)	(4 430)	(3 398)	(4 679)	(3 655)
Vesturland	þingsæti	1 (1)	2 (2)	2 (2)	1 (1)	6 (6)
	atkvæði	1 165	1 406	1 160	1 203	1 250
		(1 165)	(1 406)	(1 160)	(1 203)	(1 250)
Vestfirðir	þingsæti	1 (2)	1 (2)	2 (2)	1 (0)	5 (6)
	atkvæði	1 188	1 645	868	808	1 075
		(594)	(823)	(868)		(896)
Norðurland v.	þingsæti	1 (0)	2 (3)	1 (2)	1 (1)	5 (6)
	atkvæði	611	1 253	1 606	984	1 141
			(835)	(803)	(984)	(951)

		A	B	D	G	Samtals
Norðurland e.	þingsæti	1 (1)	3 (3)	2 (2)	1 (1)	7 (7)
	atkvæði	1 789 (1 789)	1 965 (1 965)	1 379 (1 379)	2 141 (2 141)	1 920 (1 920)
Austurland	þingsæti		2 (2)	1 (2)	2 (2)	5 (6)
	atkvæði		1 482 (1 482)	1 369 (685)	1 077 (1 077)	1 380 (1 150)
Suðurland	þingsæti	1 (1)	2 (2)	2 (2)	1 (1)	6 (7)
	atkvæði	1 535 (1 535)	1 679 (1 679)	1 214 (1 214)	1 544 (1 544)	1 725 (1 478)
Samtals	þingsæti	11 (10)	16 (17)	23 (21)	13 (11)	63 (60)

Ekki er unnt að sýna áhrif röðunar frambjóðenda á sæti samkvæmt ákvæðum 115. gr. (29. gr. frv.).

Athyglisvert er að framangreind úthlutun jöfnunarsæta leiðir í þessum kosningum til því næst sömu niðurstöðu og fengist hefði ef öllum sætum hefði verið úthlutað á grundvelli úrslita í hverju kjördæmi fyrir sig. Frá þessu eru tvö frávik:

1. Síðasta þingsæti Reykjavíkur ætti — á grundvelli atkvæðatalna í Reykjavík einni — að lenda hjá B-lista. Vegna jöfnunar milli flokka kemur það í hlut D-listans.
2. Síðasta þingsæti Suðurlands ætti að lenda hjá L-lista, en vegna ákvæða 113. gr. (27. gr. frv.) kemur sá listi ekki til álita við úthlutun jöfnunarsæta. Kemur sætið því í hlut D-listans.

Fylgiskjal II.

Drög að frumvarpi til laga

um breytingu á lögum um sveitarstjórnarkosningar, nr. 5/1962, sbr. lög nr. 5/1966, nr. 7/1978, nr. 8/1982 og nr. 10/1982.

1. gr.

Inn komi ný grein, 13. gr., er orðist svo:

Þegar kosning er hlutbundin skal telja öll atkvæði sem hver listi hefur hlotið, og er þá fundin atkvæðatala hvers lista.

Til þess að finna hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista skal fara þannig að:

1. Deila skal atkvæðatölum listanna með tölunum 1, 2, 3, 4 o. s. frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvern lista.
2. Fyrsta fulltrúa fær sá listi kjörinn sem hæsta útkomutölu hefur. Sú tala er síðan felld niður. Annan fulltrúa fær sá listi sem nú hefur hæsta útkomutölu. Þessu skal fram haldið uns úthlutað hefur verið jafnmörgum fulltrúum og kjósa á.
3. Nú eru of fá nöfn á lista, þegar til úthlutunar kemur samkvæmt 2. tölulið, og skal þá ganga fram hjá þeim lista við frekari úthlutun.
4. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur samkvæmt 2. tölulið, og skal þá hluta um röð þeirra.

2. gr.

Inn komi ný grein, 14. gr., er orðist svo:

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista, skal kjörstjórn reikna frambjóðendum atkvæðatölu á þennan hátt:

Kjörstjórn tekur saman þá kjörseðla þar sem engin breyting hefur verið gerð á listanum. Þar telst efsta nafn listans vera í fyrsta sæti, næsta nafn í öðru sæti o. s. frv. Næst tekur kjörstjórn alla þá kjörseðla þar sem kjósendur hafa gert einhverjar breytingar á röð frambjóðenda og telur atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans.

Nöfnum frambjóðenda á listanum er nú raðað þannig að sá, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. sæti, samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, hlýtur það sæti. Sá frambjóðandi, að þessum slepptum, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. og 2. sæti samanlagt, hlýtur 2. sætið o. s. frv., uns raðað hefur verið í sæti svo mörgum frambjóðendum listans að ljóst sé hverjir teljast fulltrúar hans og hverjir varafultrúar.

13.—16. gr. verði 15.—18. gr. 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. 4. gr.

Greinargerð.

Í lögum um sveitarstjórnarkosningar er nú vísað til laga um kosningar til Alþingis um það, hvernig listar fái menn kjörna þegar um hlutfallskosningar er að ræða. Nái frumvarp til laga um breytingu á síðarnefndu lögunum fram að ganga á þessi tilvísun ekki lengur við. Því er lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um sveitarstjórnarkosningar. Samkvæmt því yrði engin efnisbreyting á núverandi kosningafyrirkomulagi nema sú, að áhrif kjósenda á röð yrðu aukin.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi fjallar um aðferð við úthlutun. Efnisbreyting er engin.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að tekin verði upp sama skipan um röðun frambjóðenda á lista og lögð er til í 29. gr. frv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis. Vísast til athugasemda með greininni í því frv.

Um 3. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal III.

Skýrsla stjórnarskrárnefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Reykjavík, janúar 1983

(Greinar gildandi stjórnarskrár eru ekki prentaðar hér til hliðar við nýjar tillögur.)

Formáli.

Skýrsla þessi fjallar um endurskoðun ákvæða stjórnarskrárinnar, annarra en ákvæðisins um kjördæmaskipunina. Um það mál hefur nefndin fyrir nokkru birt sérstaka skýrslu. Þá birti nefndin þegar í ágúst 1980 sérstaka álitserð í samræmi við þingsályktunartillögu Alþingis frá 1978, þar sem fjallað var bæði um kjördæmamálið og heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar.

Svo sem sjá má af tillögunum í þessari skýrslu hefur ýmsum greinum stjórnarskrárinnar verið breytt allverulega frá því sem nú er, en aðrar greinar eru óbreyttar. Stuttar skýringar fylgja hverri grein. Hefur náðst samstaða í nefndinni um að senda þingflokkinum þessa skýrslu sem grundvöll að umræðum innan þeirra um textann. Nefndarmenn hafa gert fyrirvara um afstöðu flokka sinna og sína þegar málið kemur fyrir Alþingi. Fulltrúar Alþýðubandalags og Alþýðuflokks hafa lagt fram nokkrar tillögur um nýjar greinar og nýtt orðalag á einstökum greinum. eru þær tillögur birtar þar sem við á í yfirliti þessu.

Reykjavík, 11. janúar 1983.

Gunnar Thoroddsen.

Tillögur um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

I.

1. gr.

„Ísland er frjálst og fullvalda lýðveldi.

Lýðræði, þingræði og jafnrétti eru grundvallarreglur stjórnskipunar Íslands.

Stjórnvöld ríkisins fara með vald sitt í umboði þjóðarinnar.“

Greinin er gerð mun ítarlegri en fyrr. Orðunum „frjálst og fullvalda“ er bætt hér við af augljósum ástæðum.

Þá er þess nú getið hverjar eru grundvallarreglur íslenskrar stjórnskipunar, lýðræði, þingræði og jafnrétti, en engin þeirra var áður nefnd, þótt talað væri um „þingbundna“ stjórn.

Þá er það og nýmæli að fram er tekið að stjórnvöld ríkisins fara með vald sitt í umboði þjóðarinnar. Verður að líta svo á að þetta taki til allra þriggja handhafa ríkisvaldsins.

2. gr.

„Alþingi og forseti fara með löggjafarvaldið.

Forseti, ríkisstjórn og önnur stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið.

Dómendur fara með dómvaldið.“

Hér er bætt við að ríkisstjórn fari með framkvæmdarvaldið, ásamt forseta og öðrum stjórnvöldum.

II.

3. gr.

„Forseti skal vera þjóðkjörinn.“

Óbreytt.

4. gr.

„Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 3000 kosningabærna manna og mest 6000. Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta og má þar ákveða að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr landsfjórðungi hverjum.“

Efnislega óbreytt nema hvað meðmælendatala forsetaefnis er tvöfölduð vegna fjölgunar kjósenda.

5. gr.

„Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis. Sá sem flest fær atkvæði, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, þá er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu.“

Efnislega óbreytt. Meðmælendaákvæðið flutt í 4. gr.

6. gr.

„Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar.“

Óbreytt.

7. gr.

„Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtímabili hans er lokið, og skal þá innan sex mánaða kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu.“

Nýmæli er að ef forseti deyr eða lætur af störfum fyrir lok kjörtímabils skuli nýjar kosningar fara fram innan 6 mánaða.

8. gr.

„Nú verður sæti forseta laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum, og skulu þá forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti sameinaðs Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli, ræður meiri hluti.“

Óbreytt.

9. gr.

„Forseti má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum önnur launuð störf. Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.“

Fellð er niður tilvísun varðandi launagreiðslur frá opinberum stofnunum eða einkafyrirtækjum. Þótti óþarft að taka slíkt fram.

10. gr.

„Forseti vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en Þjóðskjalasafnið hitt.“

Óbreytt.

11. gr.

„Forseti ber ekki ábyrgð á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna. Forseti verður ekki sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis.

Forseti verður leystur frá embætti áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi $\frac{3}{4}$ hluta þingmanna.

Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eigi störfum frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.

Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og efnt til nýrra kosninga.“

Efnislega óbreytt.

12. gr.

„Forseti hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni.“

Óbreytt.

13. gr.

„Forseti ákveður hverjum hann felur að mynda ríkisstjórn. Hann skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Jafnframt ákveður hann tölu þeirra og skiptir störfum með þeim að tillögu forsætisráðherra.

Ríkisstjórn skal njóta stuðnings meiri hluta Alþingis eða hlutleysis. Hún skal því aðeins mynduð, að forseti hafi gengið úr skugga um, að meiri hluti Alþingis sé henni ekki andvígur.

Hafi viðræður um stjórnarmyndun skv. 2. mgr. ekki leitt til myndunar ríkisstjórnar innan 8 vikna, er forseta heimilt að skipa ríkisstjórn.

Ríkisstjórn skal láta af störfum, ef meiri hluti Alþingis lýsir yfir vantrausti á henni.“

Greinin er nýmæli. Hér er þingræðisreglan mjög skýrt áréttuð og forseta ber að kanna **áður** en stjórn er mynduð að meiri hluti Alþingis sé henni ekki andvígur. Þá er settur ákveðinn tímafrestur, 8 vikur, á heimild forseta til þess að skipa sjálfur ríkisstjórn. Ákvæði núgildandi 15. gr. um skipun og lausn ráðherra hafa verið flutt í þessa grein.

14. gr.

„Forseti og ráðherrar skipa ríkisráð og hefur forseti þar forsæti.

Lög og þær stjórnarráðstafanir, sem krefjast undirritunar forseta, skulu bornar upp við forseta í ríkisráði. Ákveða skal með lögum hvaða önnur málefni eru þar borin upp.“

Efnislega nánast samhljóða núverandi 16. gr.

15. gr.

„Ráðherrar fara með vald forseta, sbr. þó 13. og 24. gr., og bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Hæstiréttur dæmir þau mál.“

Hér eru sameinuð í breyttri mynd ákvæði nógildandi 13. og 14. gr. Skýrt er undirstrikað að ráðherrar fara með vald forseta Íslands — nema á tveimur sviðum, er hann stendur að stjórnarmyndun, sbr. 13. gr., og er hann getur neitað að staðfesta lög, sbr. 24. gr.

Þá er Landsdómur lagður niður og kemur Hæstiréttur í hans stað.

16. gr.

„Ríkisstjórnarfundur skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ríkisstjórnarfundur halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Forsætisráðherra stýrir ríkisstjórnarfundum.“

Efnislega samhljóða nógildandi 17. gr.

17. gr.

„Ríkisstjórnin hefur aðsetur í Reykjavík.“

Efnislega samhljóða síðari málslið 13. gr.

18. gr.

„Undirskrift forseta undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi, er ráðherra ritar undir þau með honum.“

Samhljóða 19. gr.

19. gr.

„Fyrir skal mælt í lögum um skipun og ráðningu ríkisstarfsmanna. Engan má skipa starfsmann ríkisins, nema hann hafi íslenskan ríkisborgararétt. Þeir starfsmenn sem forseti skipar skulu vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.“

Áður 20. gr. Hér fellur niður munurinn á embættismönnum og öðrum ríkisstarfsmönnum, enda enginn munur á þeim gerður í lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Eðlilegra þótti að um frávikningu ríkisstarfsmanna og flutning þeirra milli embætta væri fjallað fremur í lögum en stjórnarskrá.

20. gr.

„Forseti og ríkisstjórn gera samninga við önnur ríki.“

Enga samninga má gera er hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, landhelgi eða lofthelgi, eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til. Gera skal Alþingi grein fyrir gerð allra samninga við önnur ríki.“

Áður 21. gr. Til þess að koma í veg fyrir misskilning er nú fram tekið að það er ríkisstjórnin sem gerir samninga við önnur ríki, ásamt forseta. Varðandi afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi er lofthelgi nú bætt við. Þá er það hér nýmæli að gera skal Alþingi grein fyrir gerð allra samninga við önnur ríki. Nú kemur aðeins lítill hluti samninga fyrir Alþingi.

21. gr.

„Forseti stefnir saman Alþingi ár hvert og ákveður hvenær því skuli slitið að tillögu forsætisráðherra. Þingi má eigi slíta fyrr en fjárlög eru samþykkt. Forseti kveður Alþingi á sama hátt til aukafunda þegar nauðsyn er til.“

Áður 22. gr. Við er bætt að forseti vinnur umgetin störf að tillögu forsætisráðherra, svo ekki verði um misskilning í því efni að ræða.

Fulltrúar Alþýðuflokks gera tillögu um að greinin verði svohljóðandi:
„Forseti Alþingis stefnir saman Alþingi ár hvert.“

22. gr.

„Forseti getur að tillögu forsætisráðherra frestað fundum Alþingis tiltekinn tíma, þó ekki lengur en tvær vikur og ekki nema einu sinni á ári. Alþingi getur þó veitt forseta samþykki til afbrigða frá þessum ákvæðum.“

Áður 23. gr. Sama viðbót er hér gerð og lýst var um 21. gr.

Fulltrúar Alþýðuflokks gera tillögu um að greinin verði svohljóðandi:

„Forseti Alþingis getur frestað fundum Alþingis í allt að tvær vikur, en þó eigi oftari en tvisvar á ári. Alþingi sjálf getur þó samþykkt afbrigði frá þessum ákvæðum en þó eigi samþykkt lengri frestun en nemur 4 mánuðum á ári. Forseti Alþingis getur kallað saman Alþingi, þó frestur hafi verið ákveðinn, telji hann brýnt að kveðja Alþingi saman til fundar.“

23. gr.

„Forseti getur rofið Alþingi með samþykki þess og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður en 45 dagar eru liðnir frá því að það var rofið, enda komi Alþingi saman eigi síðar en 4 mánuðum eftir að það var rofið. Alþingismenn skulu halda umboði sínu til kjördags.“

Áður 24. gr. Hér er gerð sú meginbreyting á að ekki er unnt að rjúfa Alþingi nema með samþykki þess sjálfs. Oddviti ríkisstjórnar sem væri t. d. komin í minni hluta á þingi getur því ekki lengur beitt þingrofsréttinum.

Þá er því ákvæði einnig bætt við að alþingismenn halda þingmennskuumboði sínu allt til kjördags, þótt þingrofið taki gildi mun fyrr. Verður því landið aldrei þingmannalaust, eins og komið hefur fyrir.

Fulltrúar Alþýðuflokks gera tillögu um að greinin verði svohljóðandi:

„Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi ef Alþingi samþykkir tillögu þar um og skal þá ganga til nýrra kosninga áður en 45 dagar eru liðnir frá dagsetningu þingrofsúrskurðar. Alþingi komi saman eigi síðar en innan tveggja mánaða frá því kosningar fara fram í kjölfar þingrofs.“

24. gr.

„Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta eigi síðar en þremur vikum eftir að það var samþykkt. Áður en forseti tekur ákvörðun um staðfestingu frumvarpsins, getur hann óskað eftir því, að um það fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að ósk um hana var borin fram. Sé frumvarpið þar fellt, er forseta heimilt að neita að staðfesta það. Sé það samþykkt, skal forseti staðfesta það.“

Áður 26. gr. Á grein þessari hafa verið gerðar verulegar breytingar. Áður hafði forseti rétt til þess að neita að rita undir samþykkt lagafrumvarp og skjóta því þá til þjóðarinnar. Nú getur hann hins vegar óskað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um frumvarpið áður en hann tekur ákvörðun um það hvort hann staðfestir það eða ekki. Er slíkur háttur eðlilegri því ella þurfa forseti og meiri hluti þings að standa að þjóðaratkvæðagreiðslunni sem andstæðingar.

25. gr.

„Birta skal lög. Lög öðlast ekki gildi fyrr en þau hafa verið birt. Um birtingarháttu og framkvæmd laga fer að landslögum.

Einnig skal birta mikilvægar stjórnvaldsákvarðanir, sem hagsmuni almennings varða.“

Áður 27. gr. Greinin er gerð skýrari með því að fram er tekið að lög öðlast ekki gildi fyrr en þau hafa verið birt. Sú regla er löngu staðfest af dómstólum. Hins vegar er það nýmæli að einnig skuli birta mikilvægar ákvarðanir stjórnvalda sem hagsmuni almennings varða. Er það til þess að auðvelda þjóðinni að fylgjast með ákvörðunum yfirvalda sem hana skipta miklu.

26. gr.

„Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forseti að tillögu ráðherra gefið út bráðabirgðalög milli þinga, en efni þeirra skal áður kynnt fyrir viðkomandi þingnefnd. Ekki mega þau þó brjóta í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi í upphafi þings. Nú hefur Alþingi ekki samþykkt bráðabirgðalög 3 mánuðum eftir að þing er sett, og falla þau þá úr gildi.“

Áður 28. gr. Hér hefur vald ríkisstjórnar til útgáfu bráðabirgðalaga verið verulega þrengt, en ekki þótti rétt að afnema ákvæðið með öllu. Gert er að skilyrði að bráðabirgðalög verði ætíð lögð fyrir þing í upphafi þings. Og hafi Alþingi ekki samþykkt þau innan 3 mánaða falla þau sjálfkrafa úr gildi. Er hér um nýjar takmarkanir á valdi ríkisstjórnar að ræða, auk þess sem nú skal kynna efni bráðabirgðalaganna fyrir viðkomandi þingnefnd **áður** en þau eru sett. Gefur það m. a. stjórnarandstöðunni tækifæri til að taka afstöðu til laganna áður en gildistaka þeirra á sér stað.

Fulltrúar Alþýðuflokks leggja til að greinin falli niður.

27. gr.

„Forseti getur, að tillögu ráðherra, náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan refsingu, sem Hæstiréttur hefur dæmt vegna málshöfðunar Alþingis, nema með samþykki þess.“

Áður 29. gr. Sú efnisbreyting hefur verið ein gerð á þessari grein að afnumið er vald forseta til að ákveða að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla. Eftir að sérstökum embættismanni, ríkissaksóknara, var falið ákærvaldið, sem dómsmálaráðherra fór áður með, þykir ekki ástæða til að unnt sé að fella niður saksókn sem hann hefur ákveðið.

Þá segir nú í greininni að forseti náði menn að tillögu ráðherra. Er það engin efnisbreyting en á að koma í veg fyrir þann algenga misskilning að forseti hafi einn heimild til að náða menn.

III.

28. gr.

Nefndin hefur gert sérstaka skýrslu um kjördæmamálið.

Var áður 31. gr.

29. gr.

„Alþingi starfar í einni málstofu.“

Áður 32. gr. Lagt er til að deildaskipting Alþingis verði afnumin. Jafnframt er þá ljóst að um leið þarf að gera gjörbreytingu á störfum þingnefnda. Er slík breyting lögð til í 39. gr., auk þess sem viðtæk breyting á lögum um þingsköp mun verða nauðsynleg.

Fulltrúar Alþýðubandalagsins gera þann fyrirvara við tillögu um afnám deildaskiptingar Alþingis, að jafnhliða því að slík breyting er samþykkt þurfi að nást samkomulag milli þingflokka um meginatriðin í þeim breytingum á starfsháttum Alþingis og þingsköpum sem fylgja skulu afnámi deildaskiptingarinnar.

30. gr.

„Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram, hafa íslenskan ríkisborgararétt, eru eigi sviptir lögræði og hafa átt lögheimili hér á landi á síðustu 4 árum fyrir kjördag. Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.“

Áður 33. gr. Miklar breytingar eru gerðar á þessari grein. Kosningaaldur er lækkaður og ákvæðið um að enginn geti átt kosningarrétt nema hann hafi óflekkað mannorð fellt burt. Er það ekki lengur í samræmi við réttarvitund nútímans. Þá mega menn nú kjósa ef þeir hafa átt hér lögheimili einhvern tímann á síðustu 4 árum fyrir kosningar. Kemur þetta ákvæði til móts við hagsmuni námsmanna erlendis og þeirra mörgu sem ráða sig til vinnu erlendis um skeið. Glatast kosningarrétturinn nú ekki sem fyrr.

31. gr.

„Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarrétt hefur til Alþingis.

Hæstaréttardómarar og ríkissaksóknari eru þó ekki kjörgengir.“

Áður 34. gr. Fram er nú beinlínis tekið að hæstaréttardómarar séu ekki kjörgengir, þótt svo hafi áður verið í reynd (umboðsstarfalausir dómarar). Rétt þótti að hið sama gildi um ríkissaksóknara.

IV.

32. gr.

„Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert hinn 10. október eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi forseti að tillögu forsætisráðherra ekki tiltekið annan samkomudag fyrir á árinu.

Breyta má þessu með lögum.“

Áður 35. gr. Ákvæðið um samkomudag Alþingis 15. febrúar er löngu úrelt orðið og hér tekinn upp sá samkomudagur þess sem lengi hefur tíðkast og er nú gert ráð fyrir í lögum, sbr. lög nr. 3/1967.

Fulltrúar Alþýðuflokksins gera tillögu um að greinin verði svohljóðandi:

„Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert hinn 10. dag októbermánaðar eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, og skal hvert þing standa þar til næsta reglulegt Alþingi kemur saman.“

33. gr.

„Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.“

Áður 36. gr. Greinin er óbreytt.

34. gr.

„Samkomustaður Alþingis er í Reykjavík. Þegar sérstaklega er ástatt, getur forseti að tillögu forsætisráðherra ákveðið að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi.“

Áður 37. gr. Greinin er efnislega óbreytt.

35. gr.

„Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi.“

Áður 46. gr. Greinin er óbreytt.

36. gr.

„Sérhver nýr þingmaður skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefur verið tekin gild.“

Áður 47. gr. Greinin er óbreytt.

37. gr.

„Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína.“

Áður 48. gr. Upphaf fyrri málsgreinar er óbreytt. Sú síðari er felld brott þar sem talið er nú óþarft að taka fram að embættismenn sem kosnir eru á þing þurfi ekki leyfi stjórnarinnar til að þiggja kosninguna.

38. gr.

„Alþingi kýs forseta sinn, og stýrir hann störfum þess.“

Áður 52. gr. Efnislega óbreytt.

39. gr.

„Alþingi kýs fastanefndir til upphafs næsta þings til þess að athuga þingmál. Um starfsháttu þeirra skal nánar fjallað í lögum. Alþingi getur falið slíkum þingnefndum að kanna mikilvæg mál, er almenning varða, og veitt þeim rétt til þess að heimta skýrslur, munnlegar og bréflugar, af opinberum stofnunum, starfsmönnum og einstökum samtökum eða fyrirtækjum.

Þá getur Alþingi kjörið sérstakar nefndir þingmanna til að rannsaka mál, þegar brýn ástæða þykir til, og skal í lögum kveðið á um réttindi, skyldur og starfsháttu slíkra nefnda.“

Áður 39. gr. Í þeirri grein eru eingöngu ákvæði um sérstakar rannsóknarnefndir deilda. Ákvæði um fastanefndir þingsins hefur með öllu skort og er hér úr því bætt. Þá er það einnig mikilvægt nýmæli að þingið getur veitt slíkum nefndum heimild til að kanna mikilvæg mál og heimta skýrslur af stofnunum, starfsmönnum og fyrirtækjum. Auðveldar það þinginu að hafa eftirlit með framkvæmd laga. Ákvæðið um hinar sérstöku rannsóknarnefndir helst í greininni.

Fulltrúar Alþýðuflokks gera tillögu um að greinin verði svohljóðandi:

„Fundir í nefndum Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði, nema nefnd ákveði annað. Nefndir Alþingis hafi rétt til að heimta skýrslur, munnlega og bréfluga, af embættismönnum og opinberum aðilum.“

Fulltrúar Alþýðubandalagsins telja að ákveða þurfi hvort og þá á hvern hátt fundir nefnda þingsins skulu haldnir í heyranda hljóði.

40. gr.

„Rétt til að flytja frumvarp til laga og tillögur til þingsályktana hafa þingmenn, ráðherrar og ríkisstjórn.

Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt þrisvar sinnum á Alþingi. Meira en helmingur þingmanna þarf að vera á fundi til þess að fullnaðarsamþykkt verði lögð á mál við hverja umræðu; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um einstök málsatriði og lagafrumvarpið í heild.“

Áður 38., 44., 45., 53. og 55. gr. Ákvæði 38. og 55. greinar um frumkvæðisrétt deilda og þingmanna til þess að bera fram mál hafa verið sameinuð í þessari grein og þær því felldar niður. Þá eru tekin upp í þessa grein meginákvæði 44., 45. og 53. gr. núgildandi stjórnarskrár um meðferð mála og fullnaðarsamþykkt þeirra. Þar sem gert er ráð fyrir í 29. gr. að Alþingi starfi aðeins í einni málstofu er lagt til að þar fari fram þrjár umræður um hvert mál, sem í deildum áður, og hlýtur það fullnaðarafgreiðslu að þeim loknum. Til afgreiðslu fjárlaga og fjáráukalaga þarf þrjár umræður einnig og er það óbreytt frá því sem nú er.

Falla því 44., 45. og 53. gr. núgildandi stjórnarskrár niður. Ákvæði 45. og 53. gr. um tilskilinn fjölda þingmanna á fundi haldast óbreytt, en óþarft þykir að taka sérstaklega fram að þeir skuli greiða þar atkvæði.

Ný grein.

Fulltrúar Alþýðubandalags leggja til að á eftir 40. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

„Frumvarp til laga eða þingsályktunar sem felur í sér að ríkisvaldið eða forræði íslenskra stjórnvalda sé að einhverju leyti selt í hendur alþjóðlegrar stofnunar eða samtaka telst ekki samþykkt nema hlotið hafi $\frac{1}{2}$ hluta greiddra atkvæða á Alþingi. Nú hlýtur frumvarpið ekki tilskilinn meirihluta og getur þá ríkisstjórnin borið frumvarpið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Ef minnst 50% kosningabærra manna taka þátt í atkvæðagreiðslunni og $\frac{2}{3}$ hlutar þeirra greiða atkvæði með frumvarpinu telst það samþykkt.“

41. gr.

„Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal þegar er það er saman komið leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer. Í frumvarpinu skal fólgin greinargerð um ráðgerðar tekjur og gjöld ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja næsta fjárhagsár.“

Áður 42. gr. Hér er bætt við ákvæði um að í fjárlagafrumvarpi skuli einnig fólgin greinargerð um ráðgerðar tekjur stofnana ríkisins og ríkisfyrirtækja.

42. gr.

„Ekkert gjald má greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáráukalögum.“

Áður 41. gr. Greinin er óbreytt.

43. gr.

„Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins, né afnotarétt þeirra, nema samkvæmt lagaheimild.“

Áður 40. gr. Greinin óbreytt nema í stað orðsins landsins kemur ríkisins.

44. gr.

„Endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skal fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess.

Þeir sem endurskoðun annast skulu eiga aðgang að öllum skýrslum, skjölum og öðrum gögnum, sem þeim þykir þurfa til þess að geta leyst starfann af hendi.

Nánar skal fjallað um endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja í lögum.“

Áður 43. gr. Meginatriði endurskoðunarvalds Alþingis eru hér undirstrikuð, sérstaklega það að þær stofnanir sem endurskoðunina annast heyri beint undir Alþingi, og greinin gerð styttri og gleggri. Um framkvæmdaratriði endurskoðunarinnar skal síðan fjallað í lögum.

45. gr.

„Meðan Alþingi stendur yfir, má ekki setja neinn alþingismann í varðhald eða höfða mál á hendur honum án samþykkis þingsins, nema hann sé staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefur sagt í þinginu, nema Alþingi leyfi.“

Áður 49. gr. Greinin er óbreytt, nema hvað það ákvæði er fellt niður að ekki megi taka alþingismann fastan fyrir skuldir án leyfis þingsins. Frelsisvopting sakir skulda hefur verið almennt óheimil skv. lögum í tæpa öld, sbr. l. 19/1887.

46. gr.

„Nú glatar alþingismaður kjörgengi og missir hann þá rétt þann, er þingkosningin hafði veitt honum.“

Áður 50. gr. Greinin er óbreytt.

47. gr.

„Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi. Atkvæðisrétt eiga þeir þó því aðeins, að þeir séu jafnframt alþingismenn.“

Áður 51. gr. Greinin er óbreytt, nema hvað niður er fellt ákvæðið um þátttöku ráðherra í umræðum, en það á heima í þingsköpum fremur en í stjórnarskrá.

48. gr.

„Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti, eða svo margir þingmenn sem til er tekið í þingsköpum, krafist þess að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, og sker þá þingfundur úr.“

Áður 57. gr. Efnislega óbreytt.

49. gr.

„Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.“

Áður 58. gr. Efnislega óbreytt.

V.

50. gr.

„Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.“

Áður 59. gr. Óbreytt.

51. gr.

„Hæstiréttur er æðsti dómstóll landsins. Skipun hans, valdsvið og starfsemi skal ákveðin með lögum. Hið sama gildir um aðra dómstóla landsins.“

Grein þessi er ný. Rétt er og sjálfsagt að fjalla um æðsta dómstól landsins í stjórnarskránni og víkja á sama hátt að öðrum dómstólum landsins.

52. gr.

„Ríkissaksóknari fer með ákærvaldið. Skipun hans, valdsvið og starfsemi skal ákveðin í lögum. Ríkissaksóknari er einungis bundinn af lögum í embættisstörfum sínum.“

Grein þessi er ný. Rétt þykir að binda í stjórnarskrá hver fari með ákærvaldið og jafnframt taka fram, að ríkissaksóknari sé einungis bundinn af lögum í embættisstörfum sínum, til þess að undirstrika sjálfstæði embættisins.

53. gr.

„Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum. Ekki má fela dómara föst umboðsstörf nema með lögum.“

Fyrsta setning greinarinnar er samhljóða upphafsákvæði núgildandi 61. gr. Ákvæðið um að ekki megi fela dómara föst umboðsstörf nema með lögum er nýmæli. Þykir það eðlileg takmörkun á því að dómurum séu falin ýmis störf, sem utan dómstarfa liggja, af hálfu framkvæmdarvaldsins eða annarra aðila. Er ákvæðinu ætlað að tryggja sjálfstæði dómara í störfum og aðgreiningu dómsvaldsins frá öðrum greinum ríkisvaldsins.

54. gr.

„Dómstólar eiga úrskurðarvald um réttarágreiningu, með þeim undantekningum, sem ákveðnar eru í lögum. Þeir skera úr öllum ágreiningi um valdmörk stjórnvalda og hvort lög brjóta í bág við stjórnarskrá.

Enginn getur frestað framkvæmd stjórnvaldsboðs með því að skjóta málinu til dóms.“

Áður 60. gr. Upphafsákvæðið er nýtt en þar er skilgreint hvert meginhlutverk dómsvaldsins er. Í núgildandi grein segir að dómendur skeri úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Gleggja þykir að nota hér orðið valdmörk, enda hafa dómstólar jafnan túlkað ákvæðið á þá lund. Þá er það nýtt ákvæði að dómstólar skeri úr því hvort lög brjóta í bág við stjórnarskrá. Fyrir því er hins vegar löng réttarvenja, sem aðeins er staðfest með ákvæðinu.

55. gr.

„Dómendum Hæstaréttar, öðrum umboðsstarfalausum dómendum og ríkissaksóknara verður ekki vikið úr embætti nema með dómi. Ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti gegn vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipan á dómstólana.“

Áður 61. gr. Við greinina er bætt ríkissaksóknara í flokk þeirra, sem ekki verður vikið úr embætti nema með dómi. Þykir eðlilegt að þessi embættismaður njóti sömu verndar í starfi og þau dómaraembætti sem núgildandi ákvæði taka til. Fellt er niður ákvæði um launakjör hæstaréttardómara sem lausn fær 65 ára eða eldri.

VI.

56. gr.

„Landið skiptist í sveitarfélög, sem ráða sjálf málefnum sínum með umsjón ríkisstjórnarinnar. Stjórnir sveitarfélaga skulu kjörnar í almennum, leynilegum kosningum.“

Nú er mjög stuttlega fjallað um sveitarfélög í stjórnarskránni og aðeins í einni grein hennar, 76. gr. Nýmæli er að landið skiptist í sveitarfélög og jafnframt að stjórnir þeirra skuli kjörnar í almennum, leynilegum kosningum. Er það til þess að undirstrika rétt íbúa sveitarfélaga til þess að velja sjálfir stjórnir þeirra.

57. gr.

„Rétti sveitarfélaga til að ráða sjálf málefnum sínum, sem og skiptingu á verkefnum sveitarfélaga og ríkisins, skal skipað með lögum. Um tekjustofna sveitarfélaga skal einnig fjallað í lögum.“

Hér er það nýmæli að tekið er fram að skiptingu verkefna milli sveitarfélaga og ríkisins skuli skipað með lögum. Jafnframt að hið sama gildi um tekjustofna sveitarfélaga.

58. gr.

„Rétti íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélagsins skal og skipað með lögum.“

Grein þessi er nýmæli. Veitir hún íbúum sveitarfélaga rétt til þess að krefjast almennrar atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélagsins, ef þeir telja ástæðu til. Hér eru því lýðræðisleg réttindi íbúanna aukin og skulu tryggð í framkvæmd með lögum. Má ætla að heimildin verði sérstaklega notuð, þegar um umdeild mál er að ræða, sem íbúar sveitarfélagsins vilja fá að segja álit sitt á áður en til lykta eru ráðin. Svipaðar heimildir hafa gefið góða raun erlendis, m. a. í Bandaríkjunum og Sviss.

VII.

59. gr.

„Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.

Breyta má þessu með lögum.“

Áður 62. gr. Greinin er óbreytt.

60. gr.

„Landsmenn eiga rétt á að stofna félag til að þjóna guði með þeim hætti, sem best á við sannfæringu hvers og eins; þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.“

Áður 63. gr. Greinin er óbreytt.

61. gr.

„Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri félagsskyldu.

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarrar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til Háskóla Íslands eða einhvers viðurkennds styrktarsjóðs, er hann sjálfur tilnefnir, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkenndur sé í landinu.

Breyta má þessu með lögum.“

Áður 64. gr. Greinin er óbreytt nema að nú er utanþjóðkirkjumanni heimilt að greiða gjöld til Háskóla Íslands eða einhvers viðurkennds styrktarsjóðs, er hann sjálfur tilnefnir. Áður runnu gjöldin einvörðungu til Háskólans eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla.

Fulltrúar Alþýðubandalagsins telja að orðalag þessa kafla, VII. kafla stjórnarskrárinnar, þurfi að athuga nánar.

VIII.

62. gr.

„Allir skulu njóta frelsis, mannhelgi og jafnréttis að lögum.“

Greinin er nýmæli og er upphafsgrein mannréttindakaflans.

63. gr.

„Mannréttinda skulu menn njóta án manngreinarálits vegna kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags eða stöðu sinnar í öðru tilliti.“

Greinin er nýmæli. Hér er undirstrikað fullt jafnrétti á víðtæku sviði mannréttindaverndar. Sambærilegt ákvæði er í Mannréttinasáttmála Evrópu og Mannréttinasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en Ísland er aðili að þeim báðum.

Ný grein.

Fulltrúar Alþýðubandalagsins leggja til að á eftir 63. gr. komi ný grein svohljóðandi:

„Konur og karlar eiga jafnan rétt á öllum sviðum og ber að tryggja þeim sömu tækifæri til starfa og jafnt kaup fyrir sambærilega vinnu.“

64. gr.

„Frelsisviptingu verður því aðeins beitt, að til hennar sé sérstök lagaheimild. Sá sem orðið hefur að þola frelssviptingu af hálfu stjórnvalda skal eiga rétt til þess að bera málið undir dómara og hljóta úrlausn hans án ástæðulauss dráttar.

Hver sá, sem tekinn er höndum, skal án tafar fá vitneskju um ástæður fyrir handtökunni. Skal án undandráttar leiða hann fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í gæsluvarðhald. Engum manni skal haldið í gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur, og megi láta hann lausan gegn tryggingu, skal ákveða í dómsúrskurði hver trygging skuli vera. Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök, sem aðeins varðar fésekt eða varðhaldi.“

Fyrri málsgreinin er nýmæli og er markmið hennar að tryggja réttaröryggi borgaranna á sem fyllstan hátt. Byggir hún á sambærilegu ákvæði í Mannréttindasáttmálunum.

Síðari málsgreinin er í meginatriðum hin sama og nógildandi 65. gr. stjórnarskrárinnar. Við er bætt að handtekinn maður skal án tafar fá vitneskju um ástæður fyrir handtökunni og ekki megi halda manni í gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur.

65. gr.

„Allir skulu hljóta réttláta meðferð mála sinna fyrir dómstólum. Hver sá sem sakadur er um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus, uns sekt hans hefur verið sönnuð lögum samkvæmt.“

Greinin er nýmæli í stjórnarskrá. Hún er hins vegar grundvallarregla í íslenskum rétti og full ástæða þykir til að binda hana í stjórnarskránni.

66. gr.

„Enginn skal sekur fundinn um refsivert athæfi, nema brot hans hafi varðað refsingu að lögum á þeim tíma, er það var framið. Eigi má heldur dæma neinn til þyngri refsingar en heimilt var á þeim tíma, þegar refsivert verk var unnið.“

Greinin er nýmæli. Hún er hins vegar grundvallarregla í hegningarlögum og er ítrekuð í Mannréttindasáttmálunum.

67. gr.

„Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit, raska friðhelgi einkalífs, rannsaka einkagögn eða rjúfa bréf- og símleýnd nema með dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Ákvæði um vernd upplýsinga um einkahagi manna skulu sett í lögum.“

Áður 66. gr. Greinin er gerð ítarlegri, bannað að raska friðhelgi einkalífs, rannsaka einkagögn eða rjúfa símleýnd. Jafnframt er boðið að löggjöf skuli sett um vernd upplýsinga um einkahagi manna.

68. gr.

„Virða ber skoðanafrelsi manna. Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar. Þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.“

Áður 72. gr. Sú grein var bundin við prentfrelsi. Hér er almennt tjáningarfrelsi tryggt og skoðanafrelsi.

69. gr.

„Rétt skal mönnum að koma saman með friðsömum hætti og að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi.“

Áður 73. og 74. gr. Greinar þessar eru sameinaðar og mönnum tryggt funda- og félagafrelsi.

70. gr.

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.“

Grein þessi er hér óbreytt frá nógildandi stjórnarskrárákvæði.

Fulltrúar Alþýðubandalags og Alþýðuflokks leggja til að greinin orðist svo:
„Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli og komi sanngjarnt verð fyrir.“

71. gr.

„Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til.“

Áður 69. gr. Greinin er óbreytt.

72. gr.

„Enginn Íslendingur verður sviptur ríkisborgararétti sínum og engum þeirra meinað að koma inn í landið. Allir sem eiga löglega dvöl í landinu skulu frjálssir ferða sinna og ráða búsetu sinni. Öllum skal frjálst að fara úr landi.“

Greinin er nýmæli. Er hún í samræmi við hlutaðeigandi ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu og Sameinuðu þjóðanna.

73. gr.

„Allir skulu eiga rétt á félagslegri aðstoð vegna sjúkleika, örorku, elli eða af öðrum ástæðum, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.“

Grein þessi tjáir sömu grunnhugsun og fram kemur í 70. gr. núgildandi stjórnarskrár í ljósi nútíma viðhorfa í félags- og velferðarmálum.

74. gr.

„Allir skulu eiga rétt til að njóta menntunar og fræðslu eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.“

Fulltrúar Alþýðubandalags leggja til að greinin orðist svo:

„Öll börn og unglingar eiga rétt á ókeypis fræðslu svo og allir þeir er njóta vilja framhaldsmenntunar og hafa til þess hæfileika og áhuga. Tryggja skal efnahagslegt jafnrétti til menntunar með lögum.“

75. gr.

„Rétti manna til vinnu og orlofs skal skipað með lögum.“

Greinin er nýmæli.

Fulltrúar Alþýðubandalags leggja til að greinin orðist svo:

„Sérhver maður á rétt til að afla sér lífsviðurværis með vinnu sem hann velur sér og skulu stjórnvöld með lögum gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja þennan rétt. Sérhver maður skal njóta öryggis við störf, heilsusamlegra vinnuskilyrða og orlofs.“

Ný grein.

Fulltrúar Alþýðubandalags leggja til að á eftir 75. gr. komi ný grein er hljóðar svo:

„Sérhver maður á rétt til að taka á lýðræðislegan hátt þátt í ákvörðunum um málefni vinnustaðar síns.“

76. gr.

„Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgarétt nema með lögum.

Um heimild útlendinga til þess að eiga fasteignarréttindi hér á landi skal skipað með lögum.“

Grein þessi er óbreytt frá 68. gr. stjórnarskrárinnar.

Fulltrúar Alþýðubandalagsins leggja til að greinin orðist svo:

„Fasteignir og náttúruauðæfi hér á landi skulu Íslendingar einir eiga eða stofnanir sem Íslendingar eiga einir. Veita má sendiráðum, alþjóðastofnunum og erlendum mönnum sem hér eiga lögheimili undanþágu frá þessu ákvæði með lögum.

Engir nema Íslendingar mega taka á leigu atvinnutæki eða íslensk náttúruauðæfi. Undanþegin þessu ákvæði eru þó flutningaskip og flugvélar. Að því er snertir erlenda menn búsetta hérlendis skal mæla fyrir um þessi atriði með lögum.

Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararétt nema með lögum.“

77. gr.

„Skattamálum skal skipa með lögum.

Óheimilt er eftir mitt ár að setja lög sem leiða til hækkunar skatta á tekjur liðins árs eða eignir í lok liðins árs.“

Áður 77. gr. Bann við setningu laga um afturvirkni skatta er nýmæli í greininni.

78. gr.

„Vernda skal náttúru landsins og auðlindir þess svo að ekki spillist líf eða land að nauðsynjalausu.“

Greinin er nýmæli. Vernd náttúru landsins og auðlinda þess í framtíðinni er svo mikilvægt mál að það á heima í stjórnarskrá. Verndarskyldan hvílir bæði á ríki og einstaklingum, en nánar yrði fjallað um málið í heild í lögum.

Fulltrúar Alþýðubandalagsins leggja til að greinin orðist svo:

„Landsmönnum öllum skal tryggður réttur til eðlilegrar umgengni og útivistar í landinu. Stjórnvöldum er skylt að vernda náttúru landsins og auðlindir þess svo að tryggt sé að allir landsmenn geti notið útivistar og varðveittur sé sá höfuðstóll sem felst í auðæfum náttúru landsins. Nánar skal í lögum fjalla um umgengnisrétt landsmanna við landið og verndun náttúru og auðlinda landsins og hvernig tryggja skal að ekki spillist að óþörfu líf, land eða haf.“

79. gr.

„Náttúruauðlindir landsins skulu vera ævarandi eign Íslendinga.

Auðlindir hafs og hafsbotns innan íslenskrar lögsögu eru þjóðareign. Eignarrétti að öðrum náttúruauðæfum skal skipað með lögum.“

Grein þessi er nýmæli. Lýst er yfir þjóðareign að auðlindum hafs og hafsbotns við Ísland. Jafnframt að náttúruauðlindir landsins skuli vera ævarandi eign Íslendinga. Afsal þeirra til útlendinga er því lýst óheimilt. Að því er einstakar auðlindir snertir, svo sem vatns- og virkjunarétt, jarðhita og námuréttindi, er gert ráð fyrir því að um yfirráðarétt þeirra verði fjallað í lögum. Er í greininni ekki tekin afstaða til þess hvort eða að hve miklu leyti slík náttúruauðæfi skuli vera ríkiseign. Er það undir ákvörðun Alþingis komið.

Fulltrúar Alþýðubandalagsins leggja til að greinin orðist svo:

„Náttúruauðlindir landsins skulu vera ævarandi eign Íslendinga. Öll verðmæti í sjó og á sjávarbotni innan efnahagslögsögu svo og almenningar, afréttir og önnur óbyggð lönd utan heimalanda teljast sameign þjóðarinnar allrar, einnig námur í jörðu, orka í rennandi vatni og jarðhiti neðan við 100 m dýpi.

Eignarrétti á íslenskum náttúruauðæfum, landi og landgrunni skal að öðru leyti skipað með lögum. Við eignarnám á landi, í þéttbýli sem dreifbýli, skal almennt ekki taka tillit til verðhækkunar sem stafar af uppbyggingu þéttbýlissvæða í næsta nágrenni, opinberum framkvæmdum eða öðrum ytri aðstæðum, heldur ber að miða mat við verðmæti hliðstæðra eigna.

Með þeim takmörkunum sem hér segir skal við það miða að eignarréttur haldist á jörðum, beitiréttur í óbyggðum og önnur þau hlunnindi í heimalöndum og utan þeirra sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum.“

Fulltrúar Alþýðuflokksins leggja til að greinin orðist svo:

„Náttúruauðlindir landsins skulu vera ævarandi eign Íslendinga. Auðlindir hafsins og sjávarbotns, innan íslenskrar lögsögu, eru sameign þjóðarinnar. Þau náttúrugæði svo sem landsvæði, sem og vatns- og virkjunarréttindi, jarðhita- og námarréttindi, og önnur réttindi bundin eignarrétti lands, sem eignarheimildir annarra en ríkisins finnast ekki fyrir, skulu vera þjóðareign. Umráðaréttur eigna þessara er í höndum Alþingis, sem skal með lögum ákveða aðgangs- og nýtingarrétt almennings svo og landverndar- og umgengnisskyldu. Með sérstökum lögum getur Alþingi veitt sveitarfélögum, félagssamtökum og einstaklingum réttindi til nytja lands og landgæða.“

Tvær nýjar greinar.

Fulltrúar Alþýðubandalagsins leggja til að á eftir 79. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:

Fyrri grein.

„Ísland er friðlýst land. Aldrei má leyfa geymslu kjarnorkuvopna eða annarra geryðingarvopna í landinu né heldur flutning þeirra um Ísland, lofthelgi þess eða fiskveiðilögsögu.“

Seinni grein.

„Íslensk stjórnvöld skulu á alþjóðavettvangi styðja afvopnun og frið, sjálfsákvörðunar- rétt þjóða og verndun mannréttinda.“

80. gr.

„Fjórðungur alþingiskjósenda getur óskað eftir því að fram fari ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um einstök málefni. Um framkvæmd slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu skal nánar fyrir mælt í lögum.“

Engin ákvæði eru í stjórnarskránni um rétt kjósenda til þess að óska eftir því að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um mikilsverð mál. Full ástæða þykir því til þess að taka upp nýtt ákvæði í stjórnarskrá, sem veitir alþingiskjósendum slíkan lýðræðislega: **rétt**. Úrslitin eru ekki bindandi fyrir Alþingi en ætla má að þau verði engu að síður mjög **stefnumótandi** og tillit tekið til niðurstöðunnar af hálfu þess.

Fulltrúar Alþýðubandalagsins leggja til að í stað „fjórðungur“ komi „fimmtungur“ í greininni.

81. gr.

„Alþingi kys fulltrúa sem nefnist ármaður. Er hlutverk hans að gæta þess að stjórnsýslufirvöld skerði ekki rétt manna í störfum sínum og skal nánar um það fjallað í lögum.“

Sérhver sá sem telur á rétt sinn gengið af hálfu yfirvalda getur leitað til ármanns með erindi sitt.“

Grein þessi er nýmæli. Er tilgangur ákvæðisins að auðvelda mönnum að fá leiðréttingu mála sinna, ef þeir telja á rétt sinn gengið af hálfu þeirra yfirvalda, sem getið er í greininni. Áþekk ákvæði eru í stjórnarskrám ýmissa landa og eru þau talin hafa gefið góða raun.

82. gr.

„Sérhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eftir því sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt í lögum.“

Tillaga kom fram í nefndinni um breytt orðalag þessarar greinar en aðrir nefndarmenn vildu fella grein þessa niður. Greinin er 75. gr. stjórnarskrárinnar.

83. gr.

„Sé tillaga um breytingu á stjórnarskránni samþykkt á Alþingi skal fara fram um hana þjóðaratkvæðagreiðsla. Hljóti hún þar samþykki og sé einnig samþykkt óbreytt á Alþingi að loknum næstu kosningum skal hún staðfest af forseta og er hún þá gild stjórnskipunarlög.“

Lagt er hér til að nýr háttur verði hafður á við breytingar á stjórnarskránni. Eftir sem áður þarf til samþykki tveggja þinga með kosningum á milli. Ekki er hins vegar lengur skylt að rjúfa þing strax og fyrra þingið hefur samþykkt stjórnarskrárbreytinguna. Nýmæli er það einnig að nú skal fara fram sérstök þjóðaratkvæðagreiðsla um stjórnarskrárbreytinguna að loknu samþykki fyrra þingsins. Ráðast því örlög breytingarinnar af vilja þjóðarinnar. Svo er hins vegar ekki í dag, þar sem þjóðaratkvæðagreiðsla fer ekki fram um stjórnarskrárbreytinguna sérstaklega, heldur eiga sér einvörðungu stað almennar alþingiskosningar eftir þingrof, þar sem um margt annað er kosið en stjórnarskrárbreytinguna.

Brottfelldar greinar.

Við endurskoðun stjórnarskrárinnar hafa eftirtaldar greinar verið felldar niður: 18. gr., 25. gr., 30. gr. og 56. gr.

Eins og fram kemur í inngangi að þessari skýrslu áskilja allir nefndarmenn sér rétt til að gera fyrirvara um einstakar greinar framanritaðra tillagna um breytingu á stjórnarskránni. Við undirritaðir höfum gert okkar athugasemdir við einstakar greinar, sem við teljum ekki ástæðu til að skýra nánar í þessari skýrslu en munum gera grein fyrir þeim í þingflokki Sjálfstæðisflokksins, sem tilnefndi okkur í nefndina. Það er okkar skoðun að það flýti ekki fyrir lausn stjórnarskrármálsins að skjalfesta öll ágreiningsatriði fyrr en þau hafa verið rædd innan hvers þingflokks og milli stjórnsmálaflokkanna. Ef þá hefur ekki tekist að jafna ágreining er eðlilegast að okkar dómi að lagðar séu fram breytingartillögur þegar málið er komið til umræðu á Alþingi.

Alþingi samþykkti þingsályktun 6. maí 1978 um skipan nefndar til að gera tillögur um breytingar á stjórnarskrá og taka sérstaklega til meðferðar kjördæmaskipan, kosninga-ákvæði stjórnskipunarlag, skipulag og starfshætti Alþingis og kosningalög. Þessi nefnd átti að skila innan tveggja ára álitserð og tillögum. Nefndin var skipuð haustið 1978 og kom saman til fyrsta fundar 1. des. 1978. Því miður voru störf nefndarinnar stopul og oft leið langur tími á milli funda. Þetta gerði það m. a. að verkum að nefndin hefur farið langt fram úr þeim tíma sem henni var ætlað og enn þá eru eftir töluverð störf óunnin. Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar var gert ráð fyrir að stjórnarskrárnefnd lyki störfum fyrir árslok 1980, „þannig að Alþingi hafi nægan tíma til þess að ljúka afgreiðslu stjórnarskrár- og kjördæmamálsins fyrir lok kjörtímabilsins“.

Kjördæmamálið hefur verið mikið rætt opinberlega og ætti því að vera auðvelt að ljúka afgreiðslu þess. Öðru máli gegnir um stjórnarskrármálið, því breytingar á stjórnarskránni hafa litla umræðu fengið meðal þjóðarinnar og er varhugavert að afgreiða það með miklum flýti.

Matthías Bjarnason.

Tómas Tómasson.